

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B145-147

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B7-12 árið 2004 inniheldur endurprentaðar bls. 2951-2952.

Inniheldur nýjar bls. 557-558 í A-deild 2003.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 145-147

Nr. 1014-1056

2003

Efnisyfirlit B 145–147 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1014	30. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbréf og húsbréfavíðskipti, með síðari breytingum	2901
1015	30. des.	Auglýsing um hækkun atvinnuleysisbóta	2901
1016	30. des.	Reglugerð um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2004	2902-2906
1017	30. des.	Reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra	2907-2914
1018	30. des.	Tilkynning um vaxtakjör af lánum Íbúðalánasjóðs frá og með 2. janúar 2004	2915
1019	23. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vestfjarðasvæðis nr. 117/2003	2916
1020	23. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	2917
1021		Reikningur Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2002 ..	2917-2918
1022	30. des.	Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar	2919-2920
1023	4. des.	Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ	2920-2921
1024	18. des.	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólan á Akureyri	2921-2922
1025	22. des.	Skipulagsskrá fyrir Nýsköpunarsjóð tónlistar – Musica Nova .	2923-2924
1026	22. des.	Reglur um breytingu á reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands	2924
1027	23. des.	Auglýsing um deiliskipulagið Hvammsskógur neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi	2925
1028	22. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes	2925
1029	22. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar	2926
1030	23. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis fyrir heitt vatn og jarðgufu	2926
1031	23. des.	Auglýsing um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús norðan Selvatns, Mosfellsbæ	2927
1032	22. des.	Auglýsing um deiliskipulag í Skaftárhreppi	2927
1033	18. des.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Hrunamannahreppi	2927-2928
1034	18. des.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Bláskógabyggð	2928
1035	4. des.	Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ	2928-2929
1036	17. des.	Reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2004	2929
1037	16. des.	Gjaldskrá fyrir losun á seyru úr rotþróm í Húsavíkurbæ	2930
1038	10. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2004	2930
1039	19. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum	2931

Heildartekjur	-97,1
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	1.991,2
Mismunur	-2.088,3
Þar af skerðing.....	0,0
Þar af viðskiptahreyfingar.....	-2.088,3

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2003

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-238	Bygginga- og tækjasjóður	
	Einkaleyfisgjald H.Í.....	24,0
09-201	Ríkisskattstjóri	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	17,3
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	17,3
10-471	Flugmálastjórn	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	-12,2
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar.....	5,9
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.....	39,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	6,3
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	-8,5
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	-8,0
	Heildartekjur	81,5
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	81,5
	Mismunur	0,0
	Þar af skerðing.....	0,0
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	0,0

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2003

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
07-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag.....	434,0
	Greitt úr ríkissjóði	434,0
08-305	Lýðheilsustöð	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag.....	11,8
	Greitt úr ríkissjóði	11,8
	Lögbundin framlög alls.....	445,8
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	445,8
	Mismunur, skerðing.....	0,0

*Gjört í Reykjavík, 11. desember 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 124

20. desember 2003

LÖG**um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „tryggingayfirlæknir“ í 7. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.

STJÓRNARTÍÐINDI B 145 – 2003

30. desember 2003

2901

Nr. 1014

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbref og húsbrefaviðskipti, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 8.000.000 kr. í 1. mgr. 19. gr. kemur: 9.200.000 kr.

2. gr.

Í stað 9.000.000 kr. í 1. mgr. 21. gr. kemur: 9.700.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2003.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

30. desember 2003

Nr. 1015

AUGLÝSING

um hækkun atvinnuleysisbóta.

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 3% frá 1. janúar 2004.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2003.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 146 – 2003

Nr. 1016

2902

30. desember 2003

REGLUGERÐ

um veiðar á samningssvæði Norðvestur- Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2004.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf). Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

2. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða, stundi þau veiðar úr öðrum stofnum en leyfið miðast við.

4. gr.

Skipstjóri skips skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Á meðan skip er á samningssvæðinu skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni daglega um afla, tilgreindan í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Pegar skip yfirgefur samningssvæðið skal skipstjóri þess tilkynna Eftirlitsstöðinni það með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Enn fremur skal koma fram væntanleg löndunarhöfn og áætlaður komutími til hafnar. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er stadd á samningssvæðinu skal skipstjóri þess tilkynna það Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og skal hann aðgreindur eftir tegundum. Óheimilt er að skipa um borð í íslensk fiskiskip hvers konar afla af samningssvæðinu sem veiddur er af skipum er sigla undir fána ríkis sem ekki er aðili að NAFO.

Ofangreindar upplýsingar skal skrá á rafrænt eyðublað sem Eftirlitsstöðin leggur til og senda í gegnum fjarskiptabúnað skipsins.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. málslíð 2. gr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilivæði til annars.

5. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrlla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi sem uppfyllir kröfur NAFO og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Þrep stigans skulu gerð úr harðviði eða öðru sambærilegu efni. Þau skulu vera a.m.k. 480 mm breið, 115 mm djúp og 25 mm þykk og vera með jöfnu millibil sem ekki má vera minna en 300 mm og ekki meira en 380 mm.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að reglur NAFO séu ekki brotnar. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

6. gr.

Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 50% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samnings-

svæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án eftirlitsmanns um borð án skriflegrar heimildar Fiskistofu þar að lútandi.

Útgerð skips skal greiða eftirlitskostnað sem nemur 50% af fjárhæð gjalds skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 33, 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, fyrir hvern dag sem skipið stundar veiðar á samningssvæðinu, án tillits til hvort eftirlitsmaður sé um borð eða ekki. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

7. gr.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar. Einnig skulu skipstjórar skrá upplýsingar í Veiðidagbók NAFO og skal að lokinni veiðiferð afhenda Fiskistofu afrit af færslum fyrir viðkomandi veiðiferð (eyðublað b).

8. gr.

Gerð og búnaður veiðarfæra skal vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

II. KAFLI

Rækjuveiðar á Flæmingjagrunni.

9. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda rækjuveiðar á Flæmingjagrunni, sem hafa fengið úthlutað aflamarki í rækju á því svæði. Í reglugerð þessari kallast eftirfarandi hafsvæði Flæmingjagrunn: Allt deilissvæði 3M ásamt þeim hluta deilissvæðis 3L sem er austan 46°40'V og sunnan 47°20'N.

Á árinu 2004 er íslenskum skipum sem veiðileyfi fá á Flæmingjagrunni, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 13.500 lestir af rækju á því hafsvæði. Af umræddu heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í rækju á Flæmingjagrunni á grundvelli aflahlutdeildar þess í þessum stofni.

Þegar rækja veidd á Flæmingjagrunni er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,82.

10. gr.

Skipstjóri skips sem heldur til rækjuveiða á Flæmingjagrunni skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni við upphaf hverrar veiðiferðar. Einnig skal skipstjóri tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar rækjuveiðum á Flæmingjagrunni lýkur. Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

11. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

12. gr.

Við ákvörðun aflamagns af rækju, sem veidd er á Flæmingjagrunni, til aflamarks skal fara samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Skipstjóri skal tryggja að a.m.k. tvisvar á sólarhring þá daga sem skip er að veiðum, sé valið af handahófi og vigtað úrtak hverrar afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af magni afurða. Skal meðalþyngd úrtaka ásamt fjölda eininga lögð til grundvallar ákvörðunar til aflamarks. Skal fjöldi eininga í úrtaki vera samtals 20 af fjölda unninna eininga hverrar

afurðar sem unnin er á sólarhring en þó þarf fjöldi eininga í úrtaki aldrei að vera meiri en 5% af fjölda eininga í hverri afurð á sólarhring.

Við vigtun á forsoðinni rækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða frá vigtuðu magni.

Við vigtun á hrárækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða auk 10% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Við vigtun á iðnaðarrækju sem lausfryst er í pokum eða fryst í blokkir, er heimilt að draga þunga umbúða auk 9% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Í veiðidagbók skal daglega skrá heildarmagn hverrar afurðar að frádregnum þunga umbúða og vatns. Þegar að lokinni veiðiferð og vigtun aflans skal senda Eftirlitsstöðinni upplýsingar um aflamagn í veiðiferðinni á því formi sem Fiskistofa leggur til. Útreikningum og öllum öðrum gögnum sem notuð eru til að ákvarða aflamagnið skal haldið til haga og afhent Fiskistofu óski hún eftir gögnumum.

Landi fiskiskip eigin afla á Íslandi skal hann endanlega veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla sbr. 22. og 23. gr. Sé rækjuafli fluttur til vinnslu á Íslandi með flutningaskipi eða öðrum hætti skal hann á sama hátt endurvigtaður á ákvörðunarstað og Fiskistofu sendar endurvigtunarnótur strax að vigtun lokinni.

13. gr.

Við útreikning á afla til aflamarks fyrir rækju á Flæmingjagrunni fer eftir reglugerð þessari, hvort sem landað er úr veiðiskipi á Íslandi eða erlendis.

14. gr.

Rækjusýni skulu tekin úr afla og skal Hafrannsóknastofnunin segja til um magn sýnanna og hversu oft þau skuli tekin. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík að lokinni veiðiferð.

15. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu. Gerð og búnaður veiðarfæra skal að öðru leyti vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

16. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

III. KAFLI

Rækjuveiðar á deilissvæði 3L.

17. gr.

Rækjuveiðar eru heimilar á þeim hluta deilissvæðis 3L sem er austan línu sem liggur milli 46°00N/47°53V, 46°40N/47°20V og 47°19N/47°43V á tímabilunum 1. janúar - 31. mars, 1. júlí - 14. september og 1. desember - 31. desember 2004. Veiðar á svæðinu mega aðeins fara fram á meira en 200 metra dýpi. Veiðar á svæðinu eru aðeins heimilar þeim íslensku skipum sem hafa aflamark í rækju á svæðinu. Einungis eitt íslenskt fiskiskip má vera á veiðum á svæðinu hverju sinni. Hafí íslenskt skip tilkynnt sig inn á svæðið, sbr. 19. gr., er öðru íslensku skipi óheimilt að hefja veiðar á svæðinu án samþykkis Eftirlitsstöðvarinnar.

18. gr.

Á árinu 2004 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilissvæði 3L, sbr. 17. gr., heimilt að veiða 144 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna árs-

ins 2004 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni.

Þegar rækja veidd á deilivæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmæta-
stuðulinn 0,82.

19. gr.

Skip sem hyggst stunda veiðar á deilivæði 3L, sbr. 17. gr., skal tilkynna Eftirlitsstöðinni með a.m.k. 24 klukkustunda og í mesta lagi 48 klukkustunda fyrirvara um siglingu inn á svæðið og með sama fyrirvara tilkynna Eftirlitsstöðinni þegar siglt er út af svæðinu eftir veiðar á því. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess eða brottför af svæðinu og magn rækjuafla um borð. Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni þegar veiðum er lokið á deilivæði 3L, sbr. 17. gr. Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

20. gr.

Ef samanlagður aukaafli, í veiðum á rækju á deilivæði 3L, allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 2,5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

21. gr.

Allur rækjuafli sem veiddur er á deilivæði 3L, sbr. 17. gr., skal greinilega auðkenndur.

22. gr.

Við veiðar á deilivæði 3L, sbr. 17. gr., skal lengd keðju sem festir bobbinga eða sam-
bærilegan búnað við troll vera a.m.k. 72 cm.

IV. KAFLI

Karfaveiðar á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K.

23. gr.

Reglugerðin tekur til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1F, 2G, 2H, 2J og 3K og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 69, 4. febrúar 2003 um veiðar úr úthafskarfastofninum 2003. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær 25.000 lestum.

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt fellur úr gildi reglu-
gerð nr. 36 frá 15. janúar 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiði-
stofnunarinnar, NAFO, 2003, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórir Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um öll íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipa-skrá samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Markmið og tilgangur þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega og efla varnir gegn mengun sjávar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér að neðan greinir:

Upphafsskoðun (U) er allsherjarskoðun á skipi áður en það er tekið í notkun. Skoðunin felur í sér skoðun á öllum atriðum sem tengjast skírteinum og þeirri notkun sem skipinu er ætlað. Upphafsskoðun skal framkvæmd af Siglingastofnun eða öðrum sem hún felur skoðunina.

Reglubundin aðalskoðun (R) er skoðun á atriðum sem tengist viðeigandi skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Milliskoðun (M) er reglubundin einföld skoðun sem tengist viðeigandi skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Aukaskoðun (A) er til viðbótar hinni reglubundnu aðalskoðun hvað varðar björgunar- og öryggisbúnað með eins árs millibili.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun Siglingastofnunar Íslands eða Landhelgisgæslu Íslands á ástandi og búnaði skips og skírteinum þess.

Útgerðarmaður er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

Skoðunaraðili er Siglingastofnun Íslands, auk skoðunarstofa eða flokkunarfélaga sem Siglingastofnun hefur veitt heimild til að skoða skip og búnað þeirra.

Öryggiskírteini er skírteini sem Siglingastofnun Íslands gefur út þar sem finna má skráðar upplýsingar um öryggisbúnað skipsins.

Nýtt skip er skip þar sem smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður eftir þann dag sem reglugerð þessi tekur gildi.

Gamalt skip er skip sem ekki er nýtt skip.

SOLAS er alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá árinu 1974 með síðari breytingum.

Önnur skip eru skip sem hvorki teljast fiskiskip, farþegaskip, flutningaskip eða skemmtibátur.

II. KAFLI

Framkvæmd skoðunar.

3. gr.

Skoðun.

Með skoðun á skipum og búnaði þeirra skal skoðunaraðili ganga úr skugga um hvort skipið og búnaður þess uppfyllir gildandi ákvæði laga og reglna þar um. Einnig skal með skoðun skipa og búnaðar staðfesta að samræmi sé á milli skipsins og skráningarupplýsinga.

Skoðun skipa og búnaðar skal framkvæma í samræmi við Skoðunarhandbók skipa og báta sem samgönguráðuneytið gefur út.

Skoðun og dæming skips og búnaðar skal byggjast á ástandi þess þegar skoðun er gerð.

Þegar skoðunaraðili metur að ástand skips eða búnaðar þess sé efnislega ekki í samræmi við einstök atriði skírteinis þess, eða að skipið sé ekki haffært skal skoðunaraðili þegar í stað gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. að fjarlægja viðeigandi skírteini, tilkynna eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra um niðurstöðu sína, skrá niðurstöður skoðunar í eftirlitsbók eða skipsdagbók, skrá niðurstöðu sína í skoðunarhluta skipaskrár og tilkynna málið til Siglingastofnunar.

4. gr.

Skoðunaraðili.

Til að framfylgja ákvæðum þessarar reglugerðar skulu skoðanir skipa og búnaðar þeirra vera á hendi Siglingastofnunar Íslands, skoðunaraðila skv. reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun.

5. gr.

Dæming skoðunatriða.

Dæming skoðunatriða skal vera í samræmi við Skoðunarhandbók skipa og miðast við hve alvarlegt ástand er á viðkomandi skoðunatriði að teknu tilliti til öryggis og mengunar. Fjórir möguleikar eru gefnir á dæmingu skoðunatriða, dæming 0, 1, 2 eða 3:

- a. „0“ felur í sér að viðkomandi skoðunatriði er greinilega óskemmt, óslitið og hefur fulla virkni.
- b. „1“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunatriði er greinilega skemmt, greinilega slitið eða hefur takmarkaða virkni.
- c. „2“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunatriði er mikið skemmt, mikið slitið eða hefur ófullnægjandi virkni.
- d. „3“ felur í sér að viðkomandi skoðunatriði er alvarlega skemmt, alvarlega slitið eða hefur alvarlega skerta virkni.

Hvert einstakt skoðunatriði skal dæmt út af fyrir sig og án tillits til annarra dæminga.

6. gr.

Niðurstaða skoðunar.

Niðurstaða skoðunar skal færð í skoðunarskýrslu í samræmi við hæstu tölu dæmingar hvers einstaks skoðunatriðis. Niðurstaða skoðunar getur verið ferns konar, þ.e. án athugasemdar, lagfæring, endurskoðun eða sjósókn óheimil:

- a. Engin athugasemd leiðir af sér niðurstöðuna „án athugasemdar“
- b. „1“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að skoðunatriðið verði lagfært, án þess að krafa sé gerð um endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „lagfæring“. Innan eins mánaðar skal eigandi/útgerðarmaður hafa bætt úr þeim frávikum sem komið hafa í ljós við skoðun.
- c. „2“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að skoðunatriðið verði lagfært innan tilskilins frests og skipið eða búnaður þess skoðað endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „endurskoðun“. Til endurskoðunar má veita allt að 3ja mánaða frest, sbr. 7. gr.
- d. „3“ sem hæsta tala dæmingar hefur í för með sér að skipi má ekki sigla með eigin vélarafli. Niðurstaða skoðunarinnar er „sjósókn óheimil“.

Ef aðeins hefur verið gerð athugasemd við eitt skoðunatriði og það hlotið dæmingu 2 skal, ef við skoðunatriðið er merkt X í Skoðunarhandbók skipa, breyta niðurstöðu skoðunarskýrslu á þann hátt að hún verði „lagfæring“.

Niðurstaða reglubundinnar aðalskoðunar skal vera óháð niðurstöðum undangenginna skoðana.

7. gr.

Endurskoðun.

Þegar endurskoðun fer fram skv. c-lið 6. gr. beinist hún aðallega að þeim athugasemdum sem veittur hefur verið frestur á að lagfæra. Hafi öll atriði ekki verið lagfærð, en þó þau alvarlegustu má framlengja frest um allt að 3 mánuði, t.d. í þeim tilfellum þegar ekki er unnt að útvega nauðsynlega varahluti og efni eða fá verkstæðis- eða slippþjónustu.

8. gr.

Skráning og staðfesting á niðurstöðu skoðunar.

Skoðunaraðili skal skrá niðurstöður skoðana og aðrar tæknilegar upplýsingar í skoðunarskýrslu í samræmi við Skoðunarhandbók skipa, undirrita hana og afhenda eiganda eða útgerðarmanni afrit hennar.

Skoðunaraðili skal skrá niðurstöður skoðunar í skipaskrá og senda þær upplýsingar svo fljótt sem verða má til Siglingastofnunar sem gefur út haffærisskírteini eða öryggisskírteini eftir því sem við á.

9. gr.

Málskot.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu skoðunarstofu getur, að undangenginni umfjöllun skoðunarstofunnar, skotið úrskurði hennar til Siglingastofnunar.

10. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns gagnvart eftirliti, skoðun og viðhaldi skips.

Útgerðarmaður og skipstjóri eru ábyrgir fyrir því að fyrirmæli um eftirlit og skoðanir skips og búnaðar séu framkvæmdar á þann hátt sem reglugerð þessi mælir fyrir um.

Útgerðarmanni ber að óska eftir skoðun á skipi sínu í samræmi við lög um eftirlit með skipum og nota til þess þjónustu skoðunaraðila.

Útgerðarmaður er ábyrgur fyrir því að skip hans sé aðgengilegt og ber honum að sýna öll gögn er varða skipið og niðurstöður eldri skoðana óski skoðunaraðili eftir því. Útgerðarmaður er enn fremur ábyrgur fyrir því að skoðun geti farið fram á skilvirkan hátt.

Útgerðarmanni ber að halda skipi og búnaði þess í því ástandi sem ákvæði gildandi laga og reglugerða krefjast og að tryggja að skipið sé haffært.

11. gr.

Nýsmíði skipa.

Um eftirlit með nýsmíði skipa og skoðanir fer eftir 6. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Áður en nýsmíði hefst skulu teikningar, verklýsingar og önnur nauðsynleg gögn sem Siglingastofnun ákveður berast stofnuninni í þrírtili til umsagnar og samþykktar eftir því sem við á. Að lokinni yfirferð á þessum gögnum skal eitt eintak þeirra sent skipasmíðastöð eða hönnuði og eitt eintak sent skoðunarstofu eða flokkunarfélaga sem hefur eftirlit með smíðinni. Að smíði lokinni skal skipið skoðað upphafsskoðun af Siglingastofnun Íslands nema stofnunin ákveði annað.

12. gr.

Breytingar á skipi.

Um eftirlit og skoðanir vegna breytinga á skipi fer eftir 7. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Áður en breytingar hefjast skulu teikningar, verklýsingar og önnur nauðsynleg gögn sem Siglingastofnun ákveður berast stofnuninni í þríriti til umsagnar og samþykktar eftir því sem við á. Að lokinni yfirferð á þessum gögnum skal eitt eintak þeirra sent skipasmíðastöð eða hönnuði og eitt eintak sent skoðunarstofu eða flokkunarfélagi sem hefur eftirlit með breytingunum. Að breytingum loknum skal skipið skoðað upphafsskoðun af Siglingastofnun Íslands nema stofnunin ákveði annað.

13. gr.

Viðgerðir á skipi.

Skoðunaraðilar sem hafa heimild til að annast skoðun skipa og búnaðar þeirra skulu í samræmi við skoðunarskýrslur og skoðunarhandbækur krefjast viðgerða á skipi og hafa eftirlit með viðgerðum samkvæmt beiðni útgerðar eða Siglingastofnunar.

III. KAFLI

Skoðanir og skírteini.

14. gr.

Fiskiskip og önnur skip sem eru minni en 15 metrar að mestu lengd.

Við skoðun fiskiskipa og annarra skipa sem eru minni en 15 metrar að mestu lengd skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu skipin skoðuð með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skipanna skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út haffærisskírteini í samræmi við fyrirmynd sem hún ákveður, sbr. 21. gr.

15. gr.

Fiskiskip og önnur skip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

Við skoðun fiskiskipa og annarra skipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu þessi skip skoðuð með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skipanna skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum

skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini og önnur skírteini í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og haffærissskírteini skv. 21. gr.

16. gr.

Skemmtibátar.

Við skoðun skemmtibáta skal þess gætt að þeir uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þá fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skemmtibátar skulu skoðaðir upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu skemmtibátar skoðaðir með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skemmtibáta skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skemmtibátum eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila skemmtibáta skal Siglingastofnun gefa út haffærissskírteini í samræmi við fyrirmynd sem hún ákveður, sbr. 21. gr.

17. gr.

Farþegaskip í innanlandssiglingum.

Við skoðun nýrra farþegaskipa (smíðaðra eftir 1. janúar 2001) og gamalla farþegaskipa (smíðaðra fyrir 1. janúar 2001) í innanlandssiglingum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal þess gætt að þau uppfylla ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim, þ.m.t. ákvæði reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001 með síðari breytingum, auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Við skoðun farþegaskipa í innanlandssiglingum sem ekki falla undir 1. mgr. skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settum samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun áður en þau er tekin í notkun sem farþegaskip, reglubundinni aðalskoðun á 12 mánaða fresti og viðbótarskoðunum eftir því sem ástæða er til að mati Siglingastofnunar Íslands. Um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein fer eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, með síðari breytingum. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini farþegaskips og önnur skírteini í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og haffærissskírteini skv. 21. gr.

18. gr.

Farþegaskip í millilandásiglingum og flutningaskip.

Við skoðun farþegaskipa í millilandásiglingum og flutningaskipa skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) frá 1974, með síðari breytingum, laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð í samræmi við ákvæði fyrrnefnds alþjóðasamnings, sbr. viðauka II með reglugerð þessari. Um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein fer eftir

ákvæðum fyrrnefnds alþjóðasamnings. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini farþegaskips eða flutningaskips og önnur skírteini í samræmi við fyrrnefndan alþjóðasamning og haffærissskírteini skv. 21. gr.

19. gr.

Skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum.

Siglingastofnun annast skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skyndiskoðun.

Um skyndiskoðun skipa fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Siglingastofnun ákveður að hvaða marki hún beitir skyndiskoðunum í tengslum við eftirlit með skoðunarstofum og flokkunarfélögum skv. 4. gr.

21. gr.

Útgáfa, gildistími og varðveisla skírteina.

Siglingastofnun Íslands skal gefa út haffærissskírteini fyrir öll skip skv. reglugerð þessari og öryggisskírteini fyrir skip skv. ákvæðum 15., 17. og 18. gr. Siglingastofnun gefur jafnframt út skírteini um tímabundið ómannað vélarúm og skal hún eða annar skoðunaraðili sem hún tilnefnir annast skoðun í tengslum við útgáfu slíks skírteinis eftir því sem nánar kemur fram í skoðunarhandbók skipa.

Siglingastofnun er heimilt að fela skoðunaraðila að árita öryggisskírteini.

Haffærissskírteini er gefið út í samræmi við gildistíma skoðana, en þó aldrei til lengri tíma en 18 mánaða.

Eftir hverja reglubundna aðalskoðun skipa skv. 15., 17. og 18. gr. skal Siglingastofnun Íslands gefa út nýtt eða árita öryggisskírteini fyrir skipið í samræmi við reglugerðir sem vísað er til í fyrrnefndum greinum.

Öll skjöl, skírteini um skipið og síðustu útfylltu skoðunareyðublöð skulu á hverjum tíma vera varðveitt um borð í skipinu og vera aðgengileg áhöfn skips og skoðunaraðila.

22. gr.

Gjöld.

Fyrir skoðun sem skoðunaraðili framkvæmir greiðir eigandi/útgerðarmaður gjald í samræmi við gjaldskrá hans.

23. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

24. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003 og tekur gildi 2. janúar 2004.

Ákvæði 4. gr. um skoðunarstofur tekur gildi 1. mars 2004. Fram til þess tíma annast Siglingastofnun skoðun skipa, auk flokkunarfélaga.

Samgönguráðuneytinu, 30. desember 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Skoðunarferli og skírteinisútgáfa skipa skv. 14. – 16. gr.,

samkvæmt reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

Ar	0	1	2	3	4	5	6	7	8
<i>Mánuðir</i>		9 12 15	21 24 27	33 36 39	45 48	57 60 63	69 72 75	81 84 87	93 96
<i>Smíði, vélbúnaður II., III., IV., V. og VI. kafli</i>	U		M		R		M		R
<i>Smíði tréskipa (bolur)</i>	U	M	M	M	R	M	M	M	R
<i>Búnaður II., III., IV., V., VI., VII. og X. kafli</i>	U	A	R	A	R	A	R	A	R
<i>Fjarskiptabúnaður VII., IX. og X. kafli</i>	U	R	R	R	R	R	R	R	R

U: Upphafsskoðun (initial survey)
 R: Reglubundin aðalskoðun (periodical survey)
 M: Milliskoðun (intermediate survey)
 A: Aukaskoðun séríslenskt ákvæði

VIÐAUKI II
Skoðunarferli og skírteinisútgáfa skipa skv. 17. og 18. gr.,
 samkvæmt ályktun IMO nr. A.746 (18).

Ar Mánuðir	0	1			2			3			4			5	
		9	12	15	21	24	27	33	36	39	45	48	51	57	60
Upphafsskoðun allra skipa	U														
Farþegaskip		R			R			R			R			R	
Búnaður flutninga- og farþegaskipa í millilandasiglingum		A			A eða P			P eða A			A			R	
Fjarskiptabúnaður		P			P			P			P			R	
Smíði skipa		A			A eða I			I eða A			A			R	
Gasflutningar		A			A eða I			I eða A			A			R	
Hættuleg efni í lausu		A			A eða I			I eða A			A			R	
Hleðslumerki (Load Line)		A			A			A			A			R	
Varnir gegn olfúmengun MARPOL Annex I		A			A eða I			I eða A			A			R	
Varnir gegn efnamengun MARPOL Annex II		A			A eða I			I eða A			A			R	

Skýringar fyrir tegundir skoðunar:

- R - Endurnýjunarskoðun (Renewal survey).
- P - Reglubundin aðalskoðun (Periodical survey)
- I - Milliskoðun (Intermediate survey)
- A - Árleg skoðun (Annual survey)

TILKYNNING

um vaxtakjör af lánum Íbúðalánasjóðs frá og með 2. janúar 2004.

Stjórn Íbúðalánasjóðs staðfesti 18. desember 2003 eftirfarandi vaxtakjör af lánum Íbúðalánasjóðs á árinu 2002, sbr. 24. gr., 31. gr. og 36. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, sbr. lög nr. 84/1998 og 77/2001:

1. Fasteignaveðbréf	5,1%
2. Viðbótarlán	5,3%
3. Leiguíbúðalán	
a. háð tekju- og eignamörkum	3,5%
b. sérstakt átak	4,5%
c. almennar leiguíbúðir	4,9%
4. Greiðsluerfiðleikalán	meðalvextir lána sem skuldbreytt er
5. Aukalán, lán til einstaklinga með sérþarfir	5,3%
6. Heimili aldraðra	5,3%
7. Leikskólar	5,3%
8. Tækninýjungar	5,3%
9. Vistheimili unglunga	5,3%
10. Viðgerðarlán félagslegra íbúða	5,3%

Reykjavík, 30. desember 2003.

F.h. Íbúðalánasjóðs,

Guðmundur Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 147 – 2003

Nr. 1019

2916

23. desember 2003

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vestfjarðasvæðis nr. 117/2003.

Eftirfarandi eftirlitsflokkar bætast við núverandi viðauka A með gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis nr. 117/2003:

VIÐAUKI A

Með gjaldskrá heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits Vestfjarða.

ISAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður
15.20.5.1	Hrognavinnsla, lítil	0,25	5.840 kr.
05.02.2.1	Kræklingaeldi	0,25	9.120 kr.
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,5	15.040 kr.
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	8.640 kr.
37.20.0.3	Seyrugryfjur, endurvinnsla	0,5	8.640 kr.
37.20.0.4	Jarðboranir	1	17.280 kr.
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	11.200 kr.
52.31.0.1	Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Vestfjörðum	0,25	5.920 kr.
52.48.8.0	Blómaverslun	0,5	11.040 kr.
55.14.0.1	Starfsmannabúðir <16 manns		28.800 kr.
55.14.0.2	Starfsmannabúðir 17-50 manns, tímabundin starfsemi		35.200 kr.
55.14.0.3	Starfsmannabúðir 51-100 manns, tímabundin starfsemi		41.600 kr.
55.14.0.4	Starfsmannabúðir 101-500 manns, tímabundin starfsemi		44.800 kr.
55.14.0.5	Starfsmannabúðir 500-1000 manns, tímabundin starfsemi		51.200 kr.
60.24.3.0	Akstur flutningabíla	1	26.880 kr.
85.20.0.4	Dýragæsla	0,25	7.520 kr.
85.20.0.5	Dýrasnyrtistofur	0,25	7.520 kr.
85.20.0.6	Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar	0,5	15.040 kr.
91.31.1.0	Kirkjur/bænahús. Lítil notkun > 6 x á ári	0	0 kr.
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	5.520 kr.
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi	0,5	14.240 kr.
92.62.0.1	Hestaleigur og reiðskólar	0,25	4.720 kr.
97.00.0.2	Almenningssalerni	0,25	4.320 kr.
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	1	30.400 kr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Bolungarvík, 23. desember 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða,

Anton Helgason framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Breyting á nýju deiliskipulagi í Brautarholti á Skeiðum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deiliskipulag í Brautarholti á Skeiðum 29. september 2003. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir átta íbúðarhúsalóðum og sex parhúsalóðum. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags áður samþykkt deiliskipulag af hluta svæðisins frá 19. ágúst 1999. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í landi Álfsstaða, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deiliskipulag í landi Álfsstaða á Skeiðum 29. september 2003.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sex nýjum frístundalóðum. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Skriðufells, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps breytingu á deiliskipulagi í landi Landssímans á Skriðufelli þann 29. september 2003. Gert er ráð fyrir sjö nýjum húsum undir frístundabyggð í landinu. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Árnesi, 23. desember 2003.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

Ingunn Guðmundsdóttir.

Nr. 1021

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2002.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtir dráttarvextir	240.991.638
Innheimtuþóknun vegna erlendra innheimtu	3.210.969
Önnur innheimtuþóknun	5.799.933
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	5.410.179
	<u>255.412.719</u>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	83.239.461
Annar rekstrarkostnaður	34.638.589
	<u>117.878.050</u>

Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	137.534.669
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>6.865.445</u>
Rekstrarniðurstaða	144.400.114

Efnahagsreikningur 31. desember 2002.

Eignir:

<i>Veltufjármunir:</i>	Kr.
Meðlagskröfur til innheimtu	8.672.415.074
Óinnheimtar kröfur	4.422.534
Handbært fé	<u>48.914.623</u>
Eignir samtals	8.725.752.231

Eigið fé og skuldir:

<i>Eigið fé:</i>	
Framlag Jöfnunarsjóðs	6.855.989.205
Annað eigið fé	<u>1.726.518.373</u>
Eigið fé samtals	8.582.507.578

Lífeyrisskuldbinding	<u>77.545.494</u>
-----------------------------------	-------------------

Skammtímaskuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	50.000.000
Félagsmálaráðuneytið	12.928.268
Erlendar innheimtur	1.115.131
Ógreiddur kostnaður	<u>1.655.760</u>
	<u>65.699.159</u>

Skuldir og lífeyrisskuldbinding samtals	<u>143.244.653</u>
---	--------------------

Eigið fé og skuldir samtals	8.725.752.231
------------------------------------	----------------------

Reykjavík, 19. maí 2003.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson. Húnbogi Þorsteinsson. Snorri Björn Sigurðsson.

Hilmar Björgvinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast	kr. 62,93
b) Fyrir vatn 70°- 79°C greiðast	kr. 50,35
c) Fyrir vatn 69°C og kaldara greiðast	kr. 37,76

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

a) Fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 550
b) Fyrir mæli 1" – 2"	kr. 1.100
c) Fyrir mæli 3" og stærri	kr. 2.200

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 500.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m³:

Fyrir 400 m³ kr. 101.381

og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	kr.	87,59
Hús stærra en 2000 m ³	kr.	241.911
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m ³	kr.	70,14
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	kr.	13.463

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk kr. 1.004
í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 420, 5. september 1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 95.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1991 og gildir frá 1. janúar 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2003.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

18. gr. orðist svo:

Próf.

Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal ákvörðuð af háskólaráði og birt í almanaki háskólans.

Háskólakennarar standa fyrir námsmati. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati. Stúdentar skulu ná lágmarkseinkunn í öllum hlutum námsmats, nema annað sé tekið fram. Um þetta skal vera samráð á milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð stúdentum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði.

Í upphafi kennslutímabils staðfesta stúdentar skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Staðfesting á vali gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig skriflega í próf í síðasta lagi á lokadegi skráningar. Lokadagar skráninga eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í almanaki skólans.

Stúdent sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef stúdent mætir ekki í próf vegna veikinda barns.

Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 til 10. Lágmarkseinkunn til þess að standast próf er einkunnin 5. Háskóladeildum í samráði við prófstjóra er heimilt að nota skólanúmer. Stúdent skráir þá skólanúmer sitt á úrlausnarblöð í stað nafns.

Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Við munnleg próf skal ætíð vera prófdómari. Annað námsmat dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag. Stúdent á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meirihluti stúdenta í viðkomandi námskeiði, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Stúdent sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þó ekki heimilt að skrá sig í endurtökupróf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en á lokadegi skráningar.

Nú stenst stúdent ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það einu sinni án kostnaðar. Þurfi stúdent að taka prófið í þriðja sinn þá greiðir hann 4.000 kr. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálf skrasetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

Hafi stúdent staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Heimili deildarfundur/deildarráð endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Hún sér um að birta stúdentum einkunnir. Að liðnum fjórum árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og skrifstofu háskólans.

Próftöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst. Prófstjóri sér um að birta próftöflu öllum umsjónarkennurum sem próf eiga á töflunni og stúdentum.

Háskólaráð skal setja sérstakar, nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum.

Reglur þessar öðlast gildi 12. janúar 2004.

Háskólanum á Akureyri, 18. desember 2003.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nýsköpunarsjóð tónlistar – Musica Nova.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova“. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. að stuðla að nýsköpun metnaðarfullrar íslenskrar tónlistar
- b. að styrkja hin ýmsu svið tónsköpunar og koma þannig til móts við framþróun og aukna menntun á sviði tónlistar
- c. að auka atvinnuskapandi tækifæri í tónlistarlífi Íslendinga og stuðla þannig að fjölbreytilegri menningu.

Í samræmi við tilgang sjóðsins skal úthluta styrkjum úr honum til pöntunar tónverka eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Umsækjendur koma úr röðum flytjenda og tónleikahaldara.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er Tónskáldafélag Íslands, kt. 660269-0889. Leggur félagið fram sem stofnframlag kr. 2.000.000, en það er styrkur sem Reykjavíkurborg hefur veitt félaginu til þess að setja sjóðinn á stofn.

Stofnandi ber engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins, umfram stofnframlag.

4. gr.

Aðrir aðilar en Tónskáldafélag Íslands geta gerst styrktaraðilar að sjóðnum með því að leggja fram fé til hans. Slík aðild skal þó háð samþykki stjórnar sjóðsins hverju sinni.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. framlög styrktaraðila til sjóðsins,
- b. vextir og arður af eignum sjóðsins,
- c. önnur verðmæti sem sjóðnum kunna að áskotnast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af stjórn Tónskáldafélags Íslands, einn af menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar og einn af Íslensku óperunni, allir til tveggja ára í senn.

Stjórnin kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir fé og önnur verðmæti sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans.

Stjórnin tekur ákvarðanir um veitingu styrkja úr sjóðnum og ráðstöfun fjár hans að öðru leyti. Stjórnin getur þó falið sérstakri úthlutunarnefnd að taka ákvarðanir um styrkveitingar. Stjórnin hefur eftirlit með því hvernig styrkjum, sem veittir eru úr sjóðnum, er varið.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki allra stjórnarmanna, svo og stjórnar Tónskáldafélags Íslands. Sama gildir um ákvörðun um slit á.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Jóhanna Gunnarsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. reglna nr. 502/2002, um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, breytist og verður svohljóðandi:

Prófað verður úr fjórum námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Félagsfræði	25%
Lífefnafræði	25%
Líffærafræði	25%
Sálfræði	25%

2. gr.

Orðin „4,0 í efnafræði.“ í 7. mgr. 127. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, falla brott.

3. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu deildarfundar í hjúkrunarfræðideild og að fengnu samþykki háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Breytingin gildir frá og með haustmísseri 2003.

Háskóla Íslands, 22. desember 2003.

Páll Skúlason.

Pórhur Kristinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulagið Hvammsskógur neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 19. september 2003 samþykkt deiliskipulagið Hvammsskógur neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er 18,2 ha að stærð og gerir ráð fyrir 35 frístunda-húsalóðum, íbúðarhúsalóð, 12 lóðum fyrir bátaskýli, útivistar- og leiksvæðum og nýlagningu vega.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 23. desember 2003.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, nr. 451, 20. júní 2003. Allir taxtar hækki um 5%.

Þá hefur stjórn hitaveitunnar ákveðið að taka upp eftirfarandi gjöld:	
Seðilgjald	kr. 200 án vsk og kr. 249 með vsk.
Vanskilatilkygning	kr. 500 (ber ekki vsk).
Lokunartilkygning	kr. 400 (ber ekki vsk).
Aukaálestur	kr. 1.000 án vsk og kr. 1.245 með vsk.
Notendaskipti án álestrar	kr. 250 án vsk og kr. 311 með vsk.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Helgi Bjarnason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003. Allir taxtar hækki um 5%.

Pá hefur stjórn hitaveitunnar ákveðið að taka upp eftirfarandi gjöld:

Seðilgjald	kr. 200 án vsk og kr. 249 með vsk.
Vanskilatilkynning	kr. 500 (ber ekki vsk).
Lokunartilkynning	kr. 400 (ber ekki vsk).
Aukaálestur	kr. 1.000 án vsk og kr. 1.245 með vsk.
Notendaskipti án álestrar	kr. 250 án vsk og kr. 311 með vsk.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Helgi Bjarnason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis fyrir heitt vatn og jarðgufu.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis fyrir heitt vatn og jarðgufu er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti. Allir taxtar skv. 2. gr. hækki um 3,3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Helgi Bjarnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús norðan Selvatns, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 26. nóvember 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9400-0340, sem er 1,2 ha að stærð úr landi Miðdals, norðan Selvatns. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Mosfellsbæ, 23. desember 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálmarbæjar, Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 11. ágúst 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skálmarbæjar. Uppdrættir og greinargerð skipulagsins hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um fyrir.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 22. desember 2003.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

Oddur Thorarensen.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Hrunamannahreppi.

Svanabyggð í landi Efra-Sels, Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Svanabyggðar í landi Efra-Sels.

Breytingin felst í því að tveimur frístundalóðum, Svanabyggð nr. 24 og nr. 25 er bætt við.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2003.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Bláskógabyggð.

Reykholt í Biskupstungum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 deiliskipulag íbúðarbyggðar í eignarlandi stéttarfélagsins Eflingar í suð-austurhlíð Reykholts í Reykholti, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 7 parhúsalóðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðdalur í Laugardal.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðdals í Laugardal í Bláskógabyggð.

Breytingin felst í endurbyggingu og færslu þriggja orlofshúsa.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2003.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 7.500 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Sorphiðurgjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 4. desember 2003.

Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2004.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árinu 2004 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árunum 2001 og 2002, nr. 165/2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2003.

Árni Magnússon.

Hermann Sæmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Gjald vegna losunar á seyru úr rotþróum innan lögsagnarumdæmis Húsavíkurbæjar skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.623.
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.532.
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.005.
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.273.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt Framkvæmdanefndar frá 10. desember 2003 og staðfestingu bæjarstjórnar 16. desember 2003 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykjahreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 16. desember 2003.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurbæ árið 2004.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurbæ, sbr. 2. gr. c.-staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 10.274 á árinu 2004.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 4.377 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 8.755, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2004.

Húsavíkurbæ, 10. desember 2003.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 2. tölul. 6. gr. kemur: 2.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr.“ í 3. tölul. 6. gr. kemur: 2.000 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „570 kr.“ í 3. tölul. 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 750 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, tekur gildi 1. febrúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Rangárþings eystra.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Rangárþings eystra samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Helstu verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Rangárbings eystra er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan fimmtudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Fyrsti fundur.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Auglýsing funda.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiddan aðgang að auglýsingunni. Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Dagskrá funda.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákvæður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Fundarboðun.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fundargögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Auglýsing dagskrár.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal verða aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákvæður.

14. gr.

Aukafundir.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Oddvitakjör.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings

meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu.

Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Skrifarar.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Opinn eða lokaður fundur.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Lögmæti fundar.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Fundarstjórn.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði

getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Afgreiðsla mála samkvæmt dagskrá.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Tvær umræður.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni.

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Vanhæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf. Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í

atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Fundarsköp.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Vítur.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Ræðutími.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Breytingartillögur.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Frankvæmd atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Atkvæðavægi í atkvæðagreiðslu og kosningum.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti. Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Fundargerð sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað. Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún

undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriðið í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Fundarsókn.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd eða ráði sama tímabil skorast undan kosningu jafn langan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hagsmunir sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni. Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bókanir.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjóra eða sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslu skv. 1. mgr.

41. gr.

Fundartími.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningu ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Fulltrúar í byggðarráði.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn eru varamenn í byggðarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

Sveitarstjóri situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé fulltrúi í sveitarstjórn eða kjörinn í byggðarráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðslista sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði fyrsta og þriðja fimmtudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmanna óska þess.

46. gr.

Fundarboðun byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna forföllin til sveitarstjóra eða oddvita þess lista sem hann er kjörinn af og boðar þá sveitarstjóri eða oddviti listans varamann hans á fund.

47. gr.

Formaður og fundargerð byggðarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann og varaformann byggðarráðs. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess. Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Verkefni byggðarráðs og valdsvið.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórn- sýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofna- ana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitar- stjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Starfsmenn á fundi byggðarráðs.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Fyrsti fundur - formenn nefnda.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað. Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Varamenn í nefndum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Fundarstjórn nefnda og ráða.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Vald nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og ráða.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Sveitarstjórnarafgreiðsla.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

57. gr.

Kjör fastanefnda.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert.

1. Byggðarráð. Þrjú sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Varamenn taka sæti í byggðarráði í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. Yfirkjörstjórn. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórnir, jafnmargar og kjördeildir eru.
2. Ferða- og atvinnuálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
3. Skipulags- og byggingarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. Félagsþjónustunefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
5. Grunnskólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
6. Leikskólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
7. Orku- og veitunefnd. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
8. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
9. Æskulýðs- og menningarmálanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
10. Skoðunarmenn. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
11. Skurðanefnd A-Landeyja. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
12. Héraðsnefnd Rangæinga. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
13. Rekstrarstjórn Kirkjuhvols. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
14. Fjallaskilanefnd Fljótshlíðar. Þrjú aðalmenn og einn varamaður sbr. erindisbréf.
15. Fjallaskilanefnd V-Eyjafjalla. Þrjú aðalmenn og tveir til vara sbr. erindisbréf.

- C. Einnig kýs sveitarstjórn til fjögurra ára fulltrúa í eftirtalin samstarfsráð, nefndir og stjórnir:
1. Almannavarnanefnd. Einn aðalmann og einn varamann skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. Sameiginlega barnaverndarnefnd Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
 3. Stjórn Hitaveitu Rangæinga. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 4. Skoðunarmenn Hitaveitu Rangæinga. Einn aðalmaður og jafnmargir til vara.
 5. Stjórn Sögusetursins. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
 6. Stjórn Héraðsbókasafns Rangæinga. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

58. gr.

Aðrar nefndir.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslíð sveitarfélagsins.

59. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur er staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur rétt til setu á fundum nefndar sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til.

Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans í samráði við sveitarstjórn.

61. gr.

Ráðningar yfirmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Ráðningar fastra starfsmanna.

Sveitarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Aðrar ráðningar.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

64. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Um áætlanagerð.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitar sjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins. Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Um fjárveitingar og útgreiðslur.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni. Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Skil á fjárhagsáætlunum.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

70. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar. Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna. Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess fyrir 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárbings eystra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvolhrepps nr. 923/2000, og samþykkt um stjórn og fundarsköp Austur-Eyjafjallahrepps, nr. 174/2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

REGLUR

um meistaranám við Háskóla Íslands í upplýsingatækni á heilbrigðisviði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðisviði, sem stundað er við Háskóla Íslands. Námið er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af þeim háskóla-deildum sem aðild eiga að náminu. Reglur um námið eru því sérreglur, bæði gagnvart ákvæðum 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands og reglum einstakra deilda um framhaldsnám. Sameiginlegum reglum og reglum deilda verður þó beitt eftir því sem við á og þar sem þessar sérreglur hafa ekki að geyma ákvæði um einstök tilvik. Fyrirvarar deilda í reglum og kennsluskrá um fjárveitingar, fánlegt kennaralið og slík atriði gilda gagnvart þeim nemendum sem skráðir eru í námið.

2. gr.

Markmið.

Meistaránám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði er þverfaglegt nám sem miðar að því að veita hagnýta og fræðilega menntun til starfa á ýmsum sviðum er snerta upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar eða hjá fyrirtækjum og stofnunum, sem tengjast heilbrigðisþjónustu eða veita henni þjónustu. Markmið námsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist skráningu, meðhöndlun og vinnslu gagna og upplýsinga á sviði heilbrigðismála og við eflingu þekkingar á sviði heilbrigðisvísinda.

3. gr.

Um þverfaglegt nám.

Þverfaglegt nám er skipulagt og stundað í umboði þeirra háskóladeilda sem aðild eiga að náminu. Þær deildir sem eiga fulltrúa í námsstjórn skv. 4. gr. teljast eiga aðild að náminu burtséð frá því hvort einhver skráður nemandi í deildinni stundar námið eða ekki.

Í aðild að náminu felst að deild verður bundin af reglum þessum og samningi um námið. Í samningi deilda skal koma fram hver deildanna hefur umsjón með náminu. Þegar stúdent hefur lokið námi fær umsjónardeildin helming brautskráningarframlags meistaránema, eins og það er á hverjum tíma, frá viðkomandi deild. Nánar skal kveðið á um það í samningi deildanna hvert hlutverk umsjónardeildar er. Skrifstofa námsins er í hjúkrunarfræðideild og annast sú deild umsýslu námsins, þ.e. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði.

Við inntöku í námið, skal eftir því sem við verður komið, höfð hliðsjón af reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) viðkomandi nemanda er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan. Liggi ekki fyrir við hvaða deild rannsóknarverkefnið verði unnið skal nemandi fyrst um sinn skrá sig í umsjónardeildina, en nemandi er heimilt síðar að flytja skrásetningu sína til annarrar deildar sem aðild á að náminu, enda fallist sú deild á flutninginn, sbr. c-lið 6. gr.

4. gr.

Stjórn námsins og rannsóknanámsnefnd.

Rektor skipar sjö manna stjórn náms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði til tveggja ára í senn. Leitað skal eftir tilnefningum í námsstjórn frá læknadeild, hjúkrunarfræðideild, verkfræðideild og félagsvísindadeild, en jafnframt er heimilt að taka við tilnefningum frá öðrum deildum. Með tilnefningu í námsstjórnina undirgengst deild þá skilmála sem gilda um námið. Stjórn skiptir með sér verkum.

Námsstjórn ber faglega ábyrgð á náminu í umboði þeirra deilda sem aðild eiga að því. Í þessu felst að námsstjórnin fer með öll sameiginleg málefni námsins, sér um að skipuleggja það og hafa umsjón með því.

Rannsóknanámsnefnd starfar í umboði námsstjórnar og er þverfaglega skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er m.a. að samþykkja umsóknir, samþykkja námsáætlun og breytingar á henni, skipa menn í meistaránámsnefndir og tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf.

5. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri en til 15. september fyrir innritun á vormisseri. Stjórn námsins getur veitt undanþágu frá þessum tímasetningum.

6. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum, merktum „Upplýsingatækni á heilbrigðissviði“, skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar. Rannsóknanámsnefnd fjallar um umsóknina og ber að líta til gæða umsóknar og inntökuskilyrða. Nefndin afgreiðir umsóknina og tilnefnir umsjónarkennara. Umsókn skal fylgja námsáætlun, þ. á m. listi yfir fyrirhuguð námskeið. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknanámsnefndar.

Ferli umsókna um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði er eftirfarandi:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á deildaskrifstofum Háskóla Íslands. Umsókninni er skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar, sem skráir hana og sendir til stjórnar námsins.
- b) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs, fyrirtækja eða stofnana). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám. Sé rannsóknarverkefni unnið utan deilda Háskóla Íslands, skal fylgja með yfirlýsing fyrirtækis eða stofnunar sem verkefnið er unnið hjá. Þessi yfirlýsing skal staðfesta þátttöku fyrirtækis eða stofnunarinnar í verkefninu.
- c) Rannsóknanámsnefnd sendir umsókn til viðkomandi deildar með beiðni um að nemandinn hljóti skrásetningu til námsins við deildina. Deild ber að verða við slíkri beiðni nema mjög veigamikil rök eða sérreglur deildar (sbr. 1. gr.) hamli skrásetningu. Að fenginni staðfestingu á skrásetningu afgreiðir deildin umsóknina og sendir tilkynningu þar að lútandi til nemendaskrár.
- d) Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá móttöku. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur.
- e) Nemandi, sem rannsóknanámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds. Skráning vegna náms á haustmisseri skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. október fyrir nám á vormisseri.

7. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði þarf stúdent að hafa lokið B.S.- eða B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi. Miðað er við að nemandi, sem hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands, hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr grunnnámi eða samsvarandi námi. Rannsóknanámsnefnd metur próf frá öðrum skólum en Háskóla Íslands. Heimilt er að víkja frá reglum um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

8. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd námsins tvö ár (fjögur misseri). Hámarksnámstími er 4 ár.

Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímamann, eða samkvæmt nánari reglum sem Háskólinn kann að setja.

9. gr.

Námsleiðir, framvinda og samsetning náms.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Þungamiðja námsins er eigið rannsóknar- eða þróunarverkefni innan upplýsingatækni á heilbrigðissviði og ritgerð sem byggist á því. Stærð verkefnisins er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, málstofum, lesnámskeiðum eða hagnýtri þjálfun.

Námskeið í þverfaglegum skyldukjarna eru 20 einingar: tvö námskeið á sviði upplýsingatækni, eitt í tölfræði, eitt í aðferðafræði og þátttaka í málstofum innan deilda Háskóla Íslands eða annarra háskóla, sem nemur tveimur einingum. Hvatt er til þess að nemendur sækji námskeið til fleiri en einnar deildar eða háskóla.

Námsleiðir eru fjórar:

1. Söfnun og úrvinnsla rafrænna heilsufarsgagna.
2. Nýting upplýsingatækni við ákvarðanir á heilbrigðissviði.
3. Gagnasöfn á heilbrigðissviði.
4. Öryggi í umsýslu heilsufarsgagna.

Námsleiðum er nánar lýst í kennsluskrá.

Við lok fyrsta misseris skal nemandi hafa valið sér leiðbeinanda með aðstoð umsjónarkennara. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknar- eða þróunarverkefni og áætlun um verkefnið, sem rannsóknánámsnefnd þarf að samþykkja.

Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 6 einingar í lesnámskeiðum undir leiðsögn leiðbeinanda. Lesnámskeið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents, en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð eða munnlegu prófi.

10. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Námskeið í framhaldsnámi skulu að jafnaði vera sérstök framhaldsnámskeið við Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Í vissum tilvikum getur nemendum í meistaranámi verið heimilt að taka námskeið til 6 eininga í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi, enda séu þau nauðsynleg undirstaða verkefnisins. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

11. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver meistaranemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara Háskóla Íslands í viðkomandi deild sbr. 3. gr., sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og leiðbeinanda, ef við á, og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari, ásamt nemanda, leggur fram námsáætlun sem stjórn námsins samþykkir. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur viðkomandi deildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

12. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi deild eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat. Ef leiðbeinandi meistaranema er ekki fastur kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur lokið meistaraþrófi á fræðasviðinu. Í slíkum tilvikum skal leiðbeinandi leggja fram ritverkalista auk ferilsskrár (curriculum vitae) og metur rannsóknánámsnefnd hæfni hans. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistaranema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði.

13. gr.

Meistaránámsnefndir.

Rannsóknánámsnefnd skipar þrjá sérfróða menn af mismunandi fræðasviðum í meistaranámsnefnd. Einn þeirra er leiðbeinandinn. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal tilheyra þeirri deild, sem viðkomandi nemandi mun brautskrást frá. Hlutverk meistaranámsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur. Meistaránámsnefnd heldur reglulega fundi með nemandanum og skilar árlegri skýrslu um framvindu námsins til rannsóknánámsnefndar.

14. gr.

Prófdómarar.

Rannsóknánámsnefnd tilnefnir tvo prófdómara sem prófa meistaranema og leggja mat á lokaverkefni meistaranema ásamt meistaraþrófsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu.

15. gr.

Námsmat og meistaraþróf.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaraþrófsnefndar staðfest námsferilsyfirlit nemanda. Um einkunnir gilda ákvæði samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands.

Í meistaraþrófi flytur nemandi fyrirlestur um lokaverkefnið (20-40 mín.) og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara og prófstjóra, sem skipaður er af rannsóknánámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn (0-10).

16. gr.

Skil og frágangur meistaraþritgerða.

Meistaraþrófsritgerð skal leggja fram fullbúna í fimm eintökum fyrir meistaraþrófsnefnd og prófdómara minnst þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag. Við frágang lokaverkefna og meðferð heimilda skal nemandi fylgja reglum þeirrar deildar sem hann brautskráist frá. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið innan upplýsingatækni á heilbrigðissviði við þá deild sem nemandinn brautskráist frá. Geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið, ef það á við.

Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku, en útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja hverri meistaraþrófsritgerð.

17. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta meistaranáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir.

18. gr.

Lærdómstitill.

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins *Master of Health Informatics* (MHI).

19. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af viðkomandi háskóladeildum og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla þverfaglegs náms í kennsluskrá og á heimasíðu umsjónardeildar.

Háskóla Íslands, 27. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Póður Kristinsson.

REGLUR

um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrahjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í læknisfræði og sjúkrahjálfun. Skal beiðni frá læknadeild, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í janúar.

Ákvörðun um fjölda nýnema, sem teknir eru inn ár hvert, gildir í 3 ár. Heimilt er að endurskoða ákvörðun, innan tímabilsins, vegna breyttra aðstæðna.

2. gr.

Inntökupróf.

Inntökupróf er haldið í júní ár hvert, samkvæmt nánari ákvörðun læknadeildar að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennsluviðs Háskóla Íslands. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði á hans vegum.

Læknadeild auglýsir prófið og birtist sérstök lýsing á framkvæmd þess á heimasíðu deildarinnar.

Nemendur skulu vera skráðir sérstaklega til inntökuprófsins, hjá nemendaskrá Háskóla Íslands, áður en þeir ganga til prófsins. Tiltekinn fjöldi, ákveðinn skv. 1. gr., þeirra nemenda

sem bestum árangri ná í prófinu, fær rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands – læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild, að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann fyrirgert rétti sínum til náms í læknadeild á grundvelli þessa inntökuprófs, en þann rétt öðlast þá sá nemandi sem næstur var því að öðlast rétt til náms á grundvelli sama inntökuprófs. Séu tveir eða fleiri nemendur jafnir, öðlast báðir eða allir rétt til náms á næsta haustmisseri.

3. gr.

Skráning til inntökuprófs.

Skráningu til inntökuprófsins skal lokið fyrir 5. júní. Skráning getur farið fram, enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.

Heimilt er, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef próftökugjald er innheimt, fer um fjárhæð þess og innheimtu eftir sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

4. gr.

Skrásetning til náms í Háskóla Íslands.

Skrásetningu þeirra, sem þreyta inntökupróf skv. þessum reglum og öðlast rétt til náms í læknadeild, skal lokið fyrir 20. ágúst. Þeir, sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

5. gr.

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaeefni. Allt að tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með um tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í „Aðalnámsskrá framhaldsskóla - almennum hluta, 1999“.

Í fyrsta sinn (árið 2003) verður einkum miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

- a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
- b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313
- c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
- d) Félagsfræði, FÉL 103
- e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
- f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123

- g) Líffræði, LÍF 103, 203
- h) Saga, SAG 103, 203
- i) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
- j) Tölfræði, STÆ 313
- k) Sálfræði, SÁL 103

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir próf-úrlausnir. Háskólaректор skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Á heimasíðu læknadeildar skal birta sýnishorn af prófspurningum úr hverjum prófhluta fyrir sig til glöggvunar fyrir þá sem hyggjast þreyta prófið.

6. gr.

Skorir læknadeildar.

Inntökuþróf er sameiginlegt fyrir báðar skorir læknadeildar, læknisfræði og sjúkraþjálfun, en heimilt er að hafa mismunandi vægi, í einstökum prófgreinum, fyrir hvora skor enda verði það auglýst sérstaklega. Við innritun í prófið ákveða nemendur fyrir hvora skorina (læknisfræði eða sjúkraþjálfun), prófúrlausn þeirra skuli metin, með því að merkja við þá skor sem við á.

Aðrar deildir geta gerst aðilar að prófinu samkvæmt sérstökum samningi milli deildanna.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um inntöku nýnema í læknadeild, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla raunvísindadeildar í kennsluskra og á heimasíðu deildarinnar.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum nr. 134/2002 og nr. 503/2002.

Ákvæði til skýringar.

Um er að ræða próf til inntöku nýnema í nám í læknadeild. Hugtakið „almenn þekking“, í skilningi reglna þessara, miðast því við það markmið, og er í sjálfu sér ekki takmarkað. Þannig verður t.d. leitað eftir þekkingu á málefnum líðandi stundar, s.s. á sviði mannlegra þátta, sögu og menningar hvers konar, félagsfræði og heilbrigðisumræðu. Nálgun og úrlausn vandamála, svo og siðfræðileg afstaða, verða metin eftir lausnum sérstakra vandamála sem verða sett fram sem sjúkratilfelli eða annars konar vandamál til úrlausnar. Höfundar prófsins munu, við gerð þess, ákveða fyrirfram hvaða áherslum er verið að sækjast eftir til að byggja ramma utan um einkunnagjöf.

Háskóla Íslands, 19. desember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um rannsóknarnám í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Rannsóknarnámsnefnd.

Í deildinni starfar rannsóknarnámsnefnd, sem fer með málefni rannsóknarnámsins. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir og samþykkja námsáætlanir, tilnefna prófdómara og sinna öðrum málum sem deild kann að fela henni.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um rannsóknarnám er til 15. mars ár hvert. Rannsóknarnámsnefnd getur þó ákveðið að taka við umsóknum eftir þann tíma.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til viðskipta- og hagfræðideildar. Rannsóknarnámsnefnd fjallar um umsóknir og tekur afstöðu til þeirra. Sé sótt um doktorsnám skal umsókn fylgja ítarleg greinargerð um námsáætlun og rannsóknarverkefnið og samþykki tilvonandi leiðbeinanda. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknarnámsnefndar.

Ferli umsókna um meistara- eða doktorsnám:

- a) Nemandi finnur sér leiðbeinanda, sé um doktorsnám að ræða.
- b) Nemandi sækir um inngöngu í rannsóknarnám á sérstöku eyðublaði.
- c) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknarnámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsóknum.
- d) Deildin synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflega.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

B.A.-, B.S.- eða cand.oecon.-próf í viðskiptafræði eða hagfræði eða annað sambærilegt próf er skilyrði fyrir inntöku í M.S.-nám í viðskiptafræði og hagfræði. Nemendur sem hafa lokið B.A.- eða B.S.-prófi eða sambærilegu prófi í öðrum greinum geta sótt undirbúningsnám í viðskiptafræði og/eða hagfræði og fengið inngöngu í M.S.-námið að því loknu. Rannsóknarnámsnefnd ákveður hvaða námskeið hver nemandi þarf að taka í þeim tilvikum, á grundvelli fyrra náms og reynslu umsækjanda. Nemendur í undirbúningsnámi þurfa að fullnægja sömu kröfum og nemendur í B.S.-námi í einstökum námskeiðum en auk þess er m.a. tekið mið af meðaleinkunn í undirbúningsnámi við ákvörðun um inntöku í meistaranám.

Háskólapróf er skilyrði fyrir inntöku í M.A.-nám í mannauðsstjórnun. M.A.- eða M.S.-próf í viðskiptafræði eða hagfræði eða sambærilegt er skilyrði fyrir inntöku í doktorsnám.

Rannsóknarnámsnefnd velur úr hópi umsækjenda á grundvelli fyrri námsárangurs og annarrar frammistöðu.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaranám er 45 eða 60 einingar. Nemendur í M.S.- og M.A.-námi sitja námskeið til 30 eða 45 eininga og skrifa auk þess ritgerð sem getur verið ýmist 15 eða 30 einingar. Miðað

við fullan námshraða og 15 eininga lokaritgerð svarar námið til þriggja missera, en fjögurra missera sé ritgerðin þrjátíu einingar.

Til að ljúka tveimur meistaraþrófum frá deildinni þarf nemandi að ljúka öllum skyldu-námskeiðum á hvoru sviði og sitja samanlagt námskeið til minnst 45 eininga. Þá þarf hann annaðhvort að skrifa tvær sjálfstæðar 15 eininga ritgerðir eða eina sameiginlega 30 eininga ritgerð.

Doktorsnám er 120 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 4 ár.

Nemendur í M.S.- og M.A.-námi hafa þrjú ár til að ljúka náminu. Þar af þurfa þeir að ljúka a.m.k. 12 einingum í námskeiðum á fyrsta árinu og öllum námskeiðum á tveimur árum. Standist nemandi ekki þær kröfur getur rannsóknarnámsnefnd felld niður skráningu nemandans í námið.

6. gr.

Uppbygging doktorsnáms.

Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði rannsóknarnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða sitt í hvoru lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir rannsóknarnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá rannsóknarnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

7. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Ekki er heimilt að nýta námskeið á B.S.-stigi eða úr sambærilegu námi sem námskeið til meistaranáms.

Hafi nemandi lokið námskeiðum á meistarastigi sem hluta af kröfum til B.S.-prófs eða í sambærilegu námi má þó meta þau sem hluta af meistaranámi. Þá þarf nemandi að bæta við sig námskeiðum á B.S.- eða meistarastigi til jafnmargra eininga og hann fær metin með þessum hætti.

Heimilt er að samnýta að einhverju leyti fyrirlestra fyrir bæði B.S.- og meistaranámskeið en námskröfur skulu vera aðrar fyrir meistaranemendur en B.S.-nemendur.

8. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt nemanda, leggur fram námsáætlun fyrir rannsóknarnámsnefnd. Leiðbeinandi leiðbeinir meistaranema í lokaverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Heimilt er að hafa tvo eða fleiri leiðbeinendur og bera þeir þá sameiginlega ábyrgð á að leiðbeina nemandanum.

9. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi skulu ávallt vera lektor, dósent eða prófessor í viðkomandi grein. Verkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni stúdents á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Leiðbeinandi meistaranema skal hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta og leiðbeinandi doktorsnema doktorsþrófi eða áunnið sér jafngildi þess.

10. gr.

Meistaraprófs- og doktorsnefndir.

Kjósi meistaraneми að skrifa 15 eininga ritgerð leggur leiðbeinandi nemandans mat á ritgerðina ásamt prófdómara sem rannsóknarnámsnefnd tilnefnir. Séu tveir eða fleiri fastir kennarar í deildinni leiðbeinendur nemandans leggja þeir allir mat á ritgerðina auk prófdómara.

Kjósi meistaraneми að skrifa 30 eininga ritgerð skal rannsóknarnámsnefnd tilnefna mann til að sitja í meistaraprófsnefnd fyrir nemandann ásamt leiðbeinanda hans. Rannsóknarnámsnefndin tilnefnir einnig prófdómara sem leggur mat á ritgerðina ásamt meðlimum meistaraprófsnefndar. Meistaraprófsnefnd skal prófa nemanda munnlega úr efni ritgerðarinnar.

Prófdómarar og meðlimir meistaraprófsnefndar skulu vera sérfróðir á viðkomandi fræðasviði og hafa lokið meistaraprófi hið minnsta.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur til fimm mönnum sem rannsóknarnámsnefnd tilnefnir og skal a.m.k. einn þeirra vera utan deildar. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefndin rökstuddu álitni til deildar um það hvort gefa skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

Meðlimir doktorsnefndar skulu vera sérfróðir á viðkomandi fræðasviði og hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Deildarfundur tilnefnir andmælendur. Annar andmælendinn skal vera utan deildar en hinn má vera innan deildar.

11. gr.

Kynning rannsókna.

Meistaraneмиar skulu kynna rannsóknir sínar í opinberri málstofu eða með öðrum sambærilegum hætti sem rannsóknarnámsnefnd samþykkir.

Doktorsneмиar verja ritgerðir sínar í samræmi við reglur skólans um doktorsvarnir.

12. gr.

Námsmat.

Námsmat í einstökum námskeiðum er á ábyrgð viðkomandi kennara.

Í doktorsnámi eru ekki gefnar einkunnir að öðru leyti en því að lagt er mat á hvort nemandi hefur staðist þær kröfur sem gerðar eru í hverjum hluta námsins.

13. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna.

Ritgerðum skal skilað til deildar.

Skilafrestur á lokaverkefnum meistaraneмиa er sá sami og fyrir B.A.-, B.S.- og cand.oecon.-nemendur í deildinni. Frestur til að skila doktorsritgerðum rennur út tveimur mánuðum fyrir. Koma skal fram hverjir leiðbeinendur eru og eftir atvikum meðlimir meistaraprófs- og doktorsnefnda. Doktorsnefnd skal ákvarða innan tveggja mánaða frá því að ritgerð er lögð fram hvort hún er hæf til doktorsvarnar.

M.S.- eða M.A.-ritgerð skal skilað í þremur eintökum ef um 15 eininga ritgerð er að ræða en fjórum ef ritgerðin er til 30 eininga. Doktorsritgerð skal skilað í nægum fjölda eintaka til að meðlimir doktorsnefndar og prófdómarar fái eitt eintak hver og tvö eintök gangi af. Deild varðveitir eitt eintak af doktorsritgerðum.

Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið.

Í öllum tilvikum kemur deildin einu eintaki af ritgerð til Háskólabókasafns.

14. gr.

Lærdómstitlar.

Þeir sem ljúka rannsóknatengdu meistaraþrófi í viðskiptafræði eða hagfræði í deildinni fá lærdómstitilinn *Magister scientiarum* (M.S.), þeir sem ljúka rannsóknatengdu meistaranámi í mannauðsstjórnun lærdómstitilinn *Magister Artium* (M.A.) en þeir sem ljúka doktorsþrófi lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í viðskipta- og hagfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og ákvæði VI. kafla. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999 skal birta reglur þessar í kafla viðskipta- og hagfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 4. desember 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um yfirlit vaxta fyrir árið 2003.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, birtir Seðlabanki Íslands hér með töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma, tímabilið janúar til desember 2003, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Reykjavík, 23. desember 2003.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Sveinn E. Sigurðsson
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.**Tafla um vexti fyrir árið 2003.**

Í töflunni eru sýndir vextir alls á ári sem birtir hafa verið samkvæmt
10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.¹

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum²						
1. Grunnur dráttarvaxta	5,8	5,8	5,8	5,8	5,8	5,8
2. Vanefndaálag	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7
3. Dráttarvextir	17,5	17,5	17,5	17,5	17,5	17,5
II. Almennir vextir³						
1. Vextir óverðtryggðra lána	9	9	8,5	8,5	8,5	8,5
2. Vextir verðtryggðra lána	7,1	6,9	6,7	6,7	6,7	6,7
3. Vextir af skaðabótakröfum	6,0	6	5,7	5,7	5,7	5,7
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt⁴						
1. Bandaríkjadollurum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
2. Sterlingspundum	7,5	7,5	7,5	7,0	7,0	7,0
3. Dönskum krónum	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5
4. Norskum krónum	10,5	10,5	9,5	9,0	9,0	9,0
5. Sænskum krónum	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
6. Svissneskum frönkum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
7. Japönskum jenum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum²						
1. Grunnur dráttarvaxta	5,3	5,3	5,3	5,3	5,3	5,3
2. Vanefndaálag	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7	11,7
3. Dráttarvextir	17,0	17,0	17,0	17,0	17,0	17,0
II. Almennir vextir³						
1. Vextir óverðtryggðra lána	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
2. Vextir verðtryggðra lána	6,5	6,5	6,5	6,4	6,4	6,1
3. Vextir af skaðabótakröfum	5,7	5,7	5,7	5,7	5,7	5,7
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt⁴						
1. Bandaríkjadollurum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,0
2. Sterlingspundum	7,0	7,0	7,0	6,5	6,5	7,0
3. Dönskum krónum	6,0	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
4. Norskum krónum	8,5	7,5	7,5	6,5	6,5	6,0
5. Sænskum krónum	7,0	6,5	6,5	6,5	6,5	6,0
6. Svissneskum frönkum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
7. Japönskum jenum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5

1 Vextir taka gildi í upphafi mánaðar samkvæmt 10. grein laga nr. 38/2001.

2 Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

3 Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. laga nr. 38/2001.

4 Birt samkvæmt 3. mgr. 10. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norðurlandssvæðis vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Sama gildir um starfsemi sem háð er eftirliti Heilbrigðiseftirlitssvæðis vestra skv. sérstökum samningum um framsal eftirlits með einstökum fyrirtækjaflokkum frá Umhverfisstofnun til heilbrigðisnefnda.

2. gr.

Tímagjald	kr. 6.400
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 8.000
Gjald vegna vottorða, svo sem tóbakssöluleyfi	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem tekur þátt í umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ISO 14001 og sbr. reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB (EMAS). Þá er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Sé atvinnurekstur starfræktur a.m.k. fjögur ár í röð samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og sé hollustuvernd og mengunarvarnir fullnægjandi er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjaldið sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,	
ferðar, úttektar og frágangs	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda vegna fyrirtækja með reglubundna starfsemi. Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir tímabundna starfsemi, leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund eftirlitsskyldrar starfsemi á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra frá 10. desember 2001.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra, 23. desember 2003.

Steinunn Hjartardóttir framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A
með gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Norðurlandssvæðis vestra.

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
01.12.2.0	Blómarækt	0,5	11.200 kr.
05.02.1.3	Fiskeldisstöðvar	1	25.600 kr.
05.02.1.1	Fiskeldi, lítið	0,5	12.800 kr.
01.24.01.1	Alifuglarækt	1	20.800 kr.
01.25.2.0	Loðdýrabú, lítið	0,5	6.400 kr.
01.25.2.1	Loðdýrabú, stórt	1	12.800 kr.
14.21.0.0	Malar- og sandnám	1	24.000 kr.
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofanburði og fyllingarefnum	1	24.000 kr.
15.11.0.0	Sláturhús, stór	2	56.000 kr.
15.11.0.1	Sláturhús, lítil	1	24.000 kr.
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	1	25.600 kr.
15.13.0.5	Kjötvinnsla miðlungs með reykingu	2	62.400 kr.
15.20.6.1	Vinnsla á fiski, lítil	0,5	16.000 kr.
15.20.6.2	Vinnsla á fiski, miðlungs	1	30.400 kr.
15.20.6.3	Vinnsla á fiski, stór	1	41.600 kr.
15.20.7.1	Fiskimjólsmiðja >500 tonn pr. sólarhr.	2	160.000 kr.
15.20.7.0	Kítín og kítósanframleiðsla	2	153.600 kr.
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá, lítil	1	24.000 kr.
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagroutargerð	2	52.800 kr.
15.61.0	Framleiðsla á kornvörum og þökkun	1	25.600 kr.
15.33.0.4	Samlokugerð, lítil	0,5	19.200 kr.
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	16	374.400 kr.
15.51.0.1	Mjólkurbú	8	195.200 kr.
15.61.0.2	Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum	1	20.800 kr.
15.71.1.0	Framleiðsla á dýrafóðri	1	24.000 kr.
15.71.1.1	Framleiðsla gæludýrafóðurs, lítil	0,2	3.200 kr.
15.81.0.0	Brauðgerð, kleinur o.fl.	0,5	8.000 kr.
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	28.800 kr.
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	2	49.600 kr.
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	54.400 kr.
15.87.0.1	Krydd og bragðefnavinnsla, lítil	1	28.800 kr.
15.87.0.2	Krydd og bragðefnavinnsla, miðlungs	2	49.600 kr.
15.87.0.3	Krydd og bragðefnavinnsla, stór	2	62.400 kr.
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði, með lökkun	0,5	24.000 kr.
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði, án lökkunar	0,5	17.600 kr.
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	8.000 kr.

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	0,25	4.000 kr.
20.30.9.5	Málningaraðstaða	0,25	4.000 kr.
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítil	0,5	8.000 kr.
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	17.600 kr.
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	27.200 kr.
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	11.200 kr.
25.13.0.1	Gúmmfvinnsla	0,33	5.280 kr.
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli	0,5	9.600 kr.
26.63.0.1	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	0,5	9.600 kr.
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	24.000 kr.
26.82.9.2	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu	1	32.000 kr.
28.52.0.1	Blikksmíði	0,5	11.200 kr.
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	1	19.200 kr.
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,5	9.600 kr.
40.10.0.2	Virkjanir 2-10 MW	0,5	22.400 kr.
40.10.0.3	Virkjanir 10-50 MW	0,5	28.800 kr.
40.10.0.4	Virkjanir stærri en 50 MW	1	84.800 kr.
41.00.0.5	Vatnsveitur 2.000 - 5.000 íbúa	5	264.000 kr.
41.00.0.6	Vatnsveitur 500 -2.000 íbúa	2	64.000 kr.
41.00.0.7	Vatnsveitur færri íbúar en 500	1	24.000 kr.
41.00.0.8	Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu	1	24.000 kr.
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	9.600 kr.
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,25	4.000 kr.
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða	0,25	5.600 kr.
50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja	0,5	10.400 kr.
50.20.0.15	Hjólbarðaverkstæði	0,5	8.000 kr.
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	1	16.000 kr.
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	1	25.600 kr.
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	11.200 kr.
50.50.0.0	Bensínstöðvar	1	22.400 kr.
50.50.0.1	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	0,5	10.400 kr.
50.50.0.4	Bensínstöðvar, minni	1	20.800 kr.
51.31.0.1	Heildverslun með matvæli, hreingerningarefni o.fl., lítil	0,5	8.000 kr.
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	9.600 kr.
51.57.01	Niðurrif bifreiða	1	19.200 kr.
51.57.02	Móttaka brotamálms	2	44.800 kr.
51.57.03	Móttaka úrgangs til endurvinnslu	0,5	9.600 kr.
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	32.000 kr.
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	2	56.000 kr.

athugasemdir

1.*

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	3	84.800 kr.
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	24.000 kr.
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	0,5	8.000 kr.
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli	1	25.600 kr.
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	14.400 kr.
52.31.0.0	Apótek	1	16.000 kr.
52.31.0.1	Apótek, lítil	0,33	6.336 kr.
52.46.1.3	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	8.000 kr.
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir	0,5	16.000 kr.
52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna	1	16.000 kr.
55.11.0.2	Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni	1	38.400 kr.
55.11.0.3	Hótel og gististaðir með veitingasölu	1	59.200 kr.
55.12.0.2	Hótel og gististaðir án veitingasölu	1	16.000 kr.
55.12.0.1	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	0,5	9.600 kr.
55.21.0.1	Fjallaskálar, minni	0,25	4.000 kr.
55.21.0.2	Farfuglaheimili og fjallaskálar, stærri	0,5	11.200 kr.
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	0,5	8.000 kr.
55.23.0.1	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	1	32.000 kr.
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	9.600 kr.
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	44.800 kr.
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	56.000 kr.
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	62.400 kr.
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	30.400 kr.
55.30.1.7	Veitingavagnar	0,25	5.600 kr.
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	59.200 kr.
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	20.800 kr.
55.40.0.3	Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið	0,5	8.000 kr.
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	33.600 kr.
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	2	59.200 kr.
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	24.000 kr.
63.21.0.0	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	0,5	8.000 kr.
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	17.600 kr.
63.23.0.2	Flugvellir	0,5	12.000 kr.
74.81.0.1	Framköllun	0,25	4.333 kr.
74.81.0.2	Ljósmyndastofur með framköllun	0,25	4.333 kr.
75.23.0.1	Fangaklefar	1	17.600 kr.
80.10.0.1	Skólar án mötuneytis	1	16.000 kr.
80.10.0.11	Skólar án mötuneytis, litlir	0,3	4.800 kr.
80.10.0.2	Skólar með móttökueldhúsi	1	25.600 kr.

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
80.10.0.3	Skólar með fullbúnu eldhúsi	2	43.200 kr.
80.10.0.4	Sumarbúðir	1	32.000 kr.
80.10.0.5	Hestamiðstöð	0,5	8.000 kr.
80.10.0.6	Útihátíð	1	24.000 kr.
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi, án mótuneytis	1	16.000 kr.
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhalds- og háskólastigi, með fullbúnu eldhúsi og heimavist	2	59.200 kr.
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	4.000 kr.
85.11.1.3	Sjúkrahús, með fullbúnu eldhúsi	2	78.400 kr.
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, minni	1	35.200 kr.
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	62.400 kr.
85.11.4.4	Vistheimili	0,25	4.000 kr.
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar	1	16.000 kr.
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	9.600 kr.
85.14.1.1	Sjúkrapjálfun	0,5	8.000 kr.
85.31.1.0	Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	1	24.000 kr.
85.32.1.1	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	4.000 kr.
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	25.600 kr.
85.32.2.2	Leikskólar með eldhúsi	1	35.200 kr.
85.32.2.3	Gæsluvellir	0,25	4.000 kr.
85.32.3	Skóladagheimili	1	25.600 kr.
85.32.6.1	Félagsheimili með eldhúsi, minni	0,5	8.000 kr.
85.32.6.2	Félagsheimili með eldhúsi	1	30.400 kr.
85.33.6.3	Söfn	0,5	8.000 kr.
90.00.0.3	Skólphreinsistöðvar	1	16.000 kr.
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	12.000 kr.
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	28.800 kr.
90.00.0.89	Sorphaugar 3.fl	2	128.000 kr.
90.00.0.8	Sorphaugar 2.fl	2	166.400 kr.
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	16.000 kr.
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	4.000 kr.
92.13	Rekstur kvikmyndahúsa	0,5	10.400 kr.
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	30.400 kr.
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	1	48.000 kr.
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	1	16.000 kr.
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	1	22.400 kr.
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	25.600 kr.
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	4.000 kr.
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	9.600 kr.
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	9.600 kr.

athugasemdir

2.**

2.**

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Effirlis- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	9.600 kr.
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	1	19.200 kr.
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	8.000 kr.
93.04.0.7	Sólbaðstofur	1	16.000 kr.

athugasemdir

2.**

* 1. Gjald vegna sýna aðeins innheimt ef sýni er tekið.

** 2. Að viðbættum sýnatökukostnaði miðað við eitt sýni pr. pott/laug.

REGLUR

um kennaraskipti milli ríkisháskólanna.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum reglum gilda eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum:

Með *háskólakennara* er átt við hvern þann starfsmann ríkisháskóla sem hefur ráðningarsamning um starf prófessors, dósent, lektors eða aðjúnkt.

Með *aðalstarfi* er átt við að ráðningarsamningur hljóði upp á a.m.k. 50% starfshlutfall miðað við dagvinnu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með *ríkisháskóla* er átt við háskóla sem falla undir IV. kafla laga nr. 136/1997, um háskóla sem og menntastofnanir landbúnaðarins sbr. lög nr. 57/1999, að svo miklu leyti sem þær veita æðri menntun í skilningi 1. gr. laga um háskóla. Sá háskóli sem kennari hefur aðalstarf við telst vera *heimaskóli* en sá skóli sem tímabundið nýtur starfskrafta kennara á grundvelli þessara reglna telst vera *heimsóknarskóli*.

2. gr.

Samningur um kennaraskipti og gildissvið reglna.

Rektor skal heimilt að gera gagnkvæma samninga við aðra ríkisháskóla um kennaraskipti, þ.e. að háskólakennurum í aðalstarfi við heimaskóla sé leyft að gegna starfsskyldum sínum að hluta við heimsóknarháskóla.

Sé slíkur samningur gerður skulu þessar samræmdu reglur gilda við framkvæmd mála þar að lútandi, sbr. II. kafla og gerð viðauka við ráðningarsamning sbr. III. kafla.

II. KAFLI

Framkvæmd kennaraskipta.

3. gr.

Undirbúningur.

Háskólakennara í aðalstarfi er heimilt að sækja um leyfi til þess að gegna tímabundið starfsskyldum sínum að hluta við annan ríkisháskóla, en þann sem hann er í aðalstarfi við.

Háskóladeild getur einnig haft frumkvæði að kennaraskiptum enda sé samþykkis viðkomandi kennara leitað hverju sinni.

Í umsókn kennara eða málaleitan deildar skal koma fram við hvaða háskóla starfsskyldum verði gegnt og að hve miklu leyti. Einnig um hvaða tímabil er að ræða. Umsókn skal fylgja staðfesting viðkomandi háskóla á því að óskað sé eftir kennaraskiptum og að sá háskóli muni standa straum af greiðslum vegna yfirvinnu, að svo miklu leyti sem starfsskyldur kennarans við þann háskóla rúmast ekki innan dagvinnutíma.

4. gr.

Um fjöllum deildar.

Umsókn kennara fer til umfjöllunar hjá þeirri háskóladeild, þar sem hann hefur sinn meginstarfsvettvang. Meðferð málsins skal hraðað eftir föngum og er miðað við að deildarforseti hafi að öllu jöfnu svarað umsókninni innan tveggja vikna, en fjórar vikur skulu lengst líða áður en svar berst. Samþykki deildin kennaraskipti skal upplýst hvaða breytingar verði á starfsskyldum umsækjandans á vettvangi deildarinnar. Samþykki deildin á hinn bóginn ekki kennaraskiptin skal það tilkynnt með rökstuddri ákvörðun sem bera má undir rektor.

5. gr.

Leyfi veitt til kennaraskipta.

Veiti deild leyfi til kennaraskipta eða kennari samþykkir málaleitan deildar, er gerður viðauki við ráðningarsamning viðkomandi háskólakennara. Viðaukinn tekur gildi er hann hefur verið staðfestur skriflega af deildarforseta, viðkomandi kennara og þeim háskóla sem óskað hafði eftir kennaraskiptum. Um viðaukann gilda reglur III. kafla reglna þessara.

Deildarforsetar og aðrir stjórnendur skulu hafa samráð um störf þeirra háskólakennara sem fá leyfi til kennaraskipta.

III. KAFLI

Efnisreglur um viðauka við ráðningarsamning.

6. gr.

Starfsskyldur.

Kennsluskylda háskólakennara, sem fær leyfi til kennaraskipta, skiptist í tilteknum hlutföllum milli hlutaðeigandi háskóla. Rannsókn- og stjórnunarskylda skal að öllu jöfnu vera óskipt hjá heimaskóla en þessir starfshættir skulu aðlagðir þeirri heildarkennsluskyldu sem samkomulag er um. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að skipta rannsóknaskyldu milli háskóla.

7. gr.

Launaákvörðun.

Föst laun háskólakennara fyrir dagvinnu mega ekki fara umfram það sem samið hefur verið um í þeim kjarasamningi sem ráðningarsamningur byggist á eða ákvarðað hefur verið af kjaranefnd.

Laun fyrir yfirvinnu vegna kennslu samkvæmt viðauka mega ekki fara umfram það yfirvinnuþak sem í gildi er fyrir launaflokk og starfsheiti viðkomandi háskólakennara, skv. kjarasamningi, samþykkt háskólaráðs eða ákvörðun kjaranefndar.

8. gr.

Launagreiðslur.

Háskólakennari fær greidd dagvinnulaun frá heimaskóla. Laun fyrir yfirvinnu eru greidd af hvorum eða hverjum háskóla fyrir sig.

9. gr.

Starfstengdur kostnaður.

Ferðakostnaður, kaup á kennslugögnum og annar slíkur kostnaður sem tengist tilteknum starfsskyldum greiðist af þeim háskóla sem starfsskyldunum er gegnt við.

10. gr.

Rannsóknamisseri, vinnumat og styrkir.

Um heimild háskólakennara til þess að sækja um rannsóknamisseri, styrki úr sjóðum og greiðslur vegna vinnumats gilda reglur heimaskóla. Við framkvæmd slíkra reglna ber að líta á störf við heimsóknarskóla með sama hætti og störf við heimaskóla. Leyfi til kennaraskipta skapar háskólakennara ekki heimild til þess að sækja um rannsóknamisseri, styrki úr sjóðum eða greiðslur vegna vinnumats hjá öðrum háskólum. Þegar um umfangsmikil kennaraskipti er að ræða skal kostnaður vegna rannsóknamissera þó gerður upp milli þeirra háskóla sem hlut eiga að máli.

11. gr.

Gildistími.

Viðauki skal vera tímabundinn og gilda lengst í þrjú ár. Viðauki fellur úr gildi ef til ráðningarslita kemur, óháð því af hvaða ástæðu það er.

Sé vilji til þess að framlengja, umfram þrjú ár, þá skipan sem viðaukinn gerir ráð fyrir, skal endurskoða ráðningargrundvöll viðkomandi háskólakennara með það fyrir augum að gerðir verði fleiri ráðningarsamningar um störf hans.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur sett á grundvelli laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 19. desember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum lífeðlisfræðinnar og heyrir formlega undir læknadeild, sbr. 27. gr. sameiginlegra reglna Háskóla Íslands. Um samvinnu læknadeildar, hjúkrunarfræðideildar og raunvísindadeildar á sviði lífeðlisfræði skal gerður sérstakur samningur þar sem fjallað er um verkefni innan einstakra fræðasviða, um þjónustukennslu og um fjármál. Samningurinn tekur gildi að fenginni staðfestingu deildarfunda í öllum þremur deildum.

Heimilt er að gera samninga um aðild annarra deilda að stofnuninni og skal það gert ef ráðið er í fullt starf á sviði lífeðlisfræði við aðrar háskóladeildir.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Lífeðlisfræðistofnunar er:

- a. að annast rannsóknir í lífeðlisfræði og efla tengsl rannsókna og kennslu í lífeðlisfræði og tengdum fræðasviðum,
- b. að leggja til aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands, í samræmi við ákvæði samstarfssamnings þeirra deilda sem eiga hlut að starfsemi stofnunarinnar,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi og rannsóknatengdu námi (sem hluta af námi til fyrstu háskólagráðu, meistara- og doktorsnámi) aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði lífeðlisfræði, læknisfræði og í öðrum heilbrigðisvísindagreinum og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- e. að stunda þjónusturannsóknir á sviðum lífeðlisfræði gegn greiðslu,
- f. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í lífeðlisfræði,
- g. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi lífeðlisfræði,
- h. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum í lífeðlisfræði.

3. gr.

Stofuskipulag.

Stjórn Lífeðlisfræðistofnunar er heimilt að koma á fót sjálfstæðum rannsóknastofum, í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Stjórn Lífeðlisfræðistofnunar setur hverri stofu starfsreglur. Í starfsreglum stofu kemur m.a. fram hverjir standa að stofunni og tengsl stofu og stofnunar eru nánar tilgreind. Stofustjóri er fyrir hverri stofu, valinn í samræmi við starfsreglur stofunnar og ber á henni fjárhagslega ábyrgð.

Stofustjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Lífeðlisfræðistofnunar í starfi sínu og leggur fram rekstraráætlanir. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri stofunnar og hefur eftirlit með starfsmönnum hennar og fjármálum.

Heimilt er að stofna rannsóknarstofur um langtíma þjónustuverkefni.

4. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfslíði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þeim starfsmönnum sem upp eru taldir í a-lið 8. gr. og hafa fasta ráðningu á grundvelli hæfnisdóms í a.m.k. 50% starfshlutfalli. Auk þess einn fulltrúi nemenda í framhaldsnámi í lífeðlisfræði og einn fulltrúi annarra starfsmanna en þeirra sem áður eru upp taldir.

Heimilt er að skipa þriggja manna framkvæmdastjórn.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kys sér formann til tveggja ára í senn. Skal kjörtímabil miðast við fjárhagsárið.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti læknadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta læknadeildar.

Ef forstöðumaður er ráðinn til stofnunarinnar án þess að eiga sæti í stjórninni situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart læknadeild og eftir því sem nánar er kveðið á um í samstarfssamningi skv. 2. mgr. 1. gr., samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildanna um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglum fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.

Starfslið.

Heimilt er að ráða forstöðumann að stofnuninni. Rektor ræður forstöðumann á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar og að fenginni tillögu læknadeildar, sbr. 6. tölul. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Ef heimild skv. 1. mgr. er ekki nýtt er stjórnarformaður jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Stofustjórar skulu valdir samkvæmt starfsreglum stofnunarinnar sem stjórn setur.

Starfsmenn stofnunarinnar eru auk forstöðumanns:

- a. Próffessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar í lífeðlisfræði við læknadeild og við hjúkrunarfræðideild og raunvísindadeild á grundvelli samstarfssamnings skv. 2. mgr. 1. gr. sbr. einnig 5. gr. Einnig þeir sem hafa fengið starfsaðstöðu á stofnuninni.
- b. Gistikennarar, sérfræðingar, stundakennarar og nemar í rannsóknatengdu námi, sem sinna tímabundnum verkefnum í lífeðlisfræði eða skyldum greinum, skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
- c. Stúdentar sem vinna að verkefnum í tengslum við nám.
- d. Annað starfsfólk á skrifstofu og rannsóknastofum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglum fyrir Háskóla Íslands, fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Lífeðlisfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá læknadeild, hjúkrunardeild og raunvísindadeild í samræmi við ákvæði samstarfssamnings, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglna þessara,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt á deildarfundum þeirra deilda sem standa að stofnuninni og lögð fram til samþykktar á deildarfundum í læknadeild.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 333/1995 um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 27. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2003
um gildistöku reglna um tilkynningu og skráningu kóða
neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.**

Með vísan til IV. og IX. kafla, sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 1. mars 2004 taki gildi reglur um tilkynningu og skráningu kóða neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. desember 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 7.900, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpflát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 7.900
2. fyrir 500 l gám kr. 18.700
3. fyrir 660 l gám kr. 22.000

Heimili sem óska eftir aukasorpfláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu greiða fyrir hvert flát árlegt gjald sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 11.580
2. fyrir 500 l gám kr. 26.312
3. fyrir 660 l gám kr. 34.736

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2004 var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 387. fundi þann 29. desember 2003 með vísun til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum. Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 27, frá 4. janúar 2001.

Mosfellsbæ, 29. desember 2003.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrjár:

- a) Almennur úrgangur kr. 2,50 pr. kg án vsk.
- b) Slátur- og fiskúrgangur kr. 3,50 pr. kg án vsk.
- c) Timbur kr. 1,50 pr. kg án vsk.

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. febrúar 2004.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn 16. desember 2003. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá á fundi sínum 30. desember 2003.

Akureyri, 30. desember 2003.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í Djúpavogshreppi með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi nr. 455/2003.

2. gr.

Þjónustu- og tæmingargjald samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

<i>Stærð rotþróar í m³</i>	<i>Þjónustugjald kr.</i>
< 2,0 m ³	4.500
2,0 – 3,99 m ³	7.000
4,0 – 5,99 m ³	9.000

3. gr.

Álagning og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning og innheimta fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett af sveitarstjórn Djúpavogshrepps 29. desember 2003 að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, er byggð á samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Djúpavogi, 31. desember 2003.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi.

Sorphirðugjald pr. tunnu	kr. 7.260
Sorpeyðingargjald pr. tunnu	<u>kr. 6.050</u>
Samtals fyrir eina tunnu á heimili	kr. 13.310

Þeir sem hafa tvær eða fleiri tunnur á heimili greiða fyrir hverja tunnu.

Gjald fyrir móttöku á sorpi á gámasvæðinu:

	Kr./kg án vsk	Kr./kg m/vsk
Málmur og heimilistæki	5,79	7,20
Pappír, plastfólur, dagblöð og tímarit	4,79	5,96
Mjólkurfernur, aðrar drykkjarumbúðir	4,79	5,96
Fatnaður og skór til RKÍ	0,00	0,00
Plastumbúðir, önnur plastefni	6,36	7,92
Veiðarfæri, net, línur og kaðlar	6,36	7,92
Timbur, húsgögn, hjólbarðar, gler o.fl.	6,36	7,92
Garðaúrgangur	3,22	4,01
Byggingaúrgangur og spilliefni	6,36	7,92
Annar úrgangur til urðunar	9,56	11,90

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 469/1999 um sorphirðu í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 29. desember 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 160/2003.

Djúpavogi, 30. desember 2003.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald og tunnuleiga
Sorpeyðingargjald

6.500 kr. á hvert sorpilát
12.130 kr. á hvert sorpilát

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Grindavík, 31. desember 2003.

F.h. Grindavíkurbæjar,

Jón Þórisson fjármálastjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Halldórs Hansen.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Styrktarsjóður Halldórs Hansen. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Meginmarkmið sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styrkja uppbyggingu og styðja við tónlistarsafn Listaháskóla Íslands.
- Að veita árlega styrk í nafni Halldórs Hansen til eins af tónlistarnemum Listaháskóla Íslands sem náð hefur framúrskarandi árangri að mati sjóðstjórnar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Halldórs Hansen. Fjárhæð stofnfjár miðast við andvirði fasteignar Halldórs Hansen og annarra tilgreindra eigna sem samkvæmt erfðaskrá hans skulu renna til sjóðsins. Þriðjung af andvirði þeirra eigna sem sjóðnum hlotnast samkvæmt erfðaskrá skal sjóðstjórn heimilt að nýta strax til uppbyggingar tónlistarsafns. Tveir þriðju hlutar skulu hins vegar mynda höfuðstól eða stofnfé sjóðsins og skal sú fjárhæð haldast óskert í sjóðnum.

Með ráðstöfun ávöxtunar af stofnfé gildir sú meginregla að 20% hennar gengur til eflingar höfuðstólsins hverju sinni og að hámarki 20% fer til styrkveitingar í nafni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu eigna sjóðsins en henni er þó heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun, um að annast fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir, aðrar en þær sem hér hafa verið tilgreindar, sem kunna að vera í eigu sjóðsins, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra, að undangenginni umsögn ríkisendurskoðunar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja

fram. Berist gjafafé til sjóðsins skal það fé leggjast við stofnfé og haldast óskert. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Rektor Listaháskóla Íslands skal vera formaður stjórnar. Hinir tveir skulu skipaðir af stjórn Listaháskóla Íslands til þriggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn. Stjórn sjóðsins skal tilkynna sjóðaskrá dómsmálaráðuneytisins um það hvertjir skipa stjórn sjóðsins hverju sinni.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Fundargerðir sjóðstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðabók sem varðveita skal í samræmi við reglur um varðveislu opinberra skjala. Verði stjórnarmaður vanhæfur samkvæmt reglum stjórnáráðs, skal hann víkja sæti úr stjórn, meðan fjallað er um þann umsækjanda um styrk er olli vanhæfi hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins getur leitað eftir tilnefningum meðal kennara og stjórnenda skólans um væntanlega styrkþega eða auglýst eftir umsóknum um styrk á þeim vettvangi sem nemendur fá upplýsingar hverju sinni. Stjórnin setur nánari reglur um auglýsingar og styrkveitingar í starfsreglum sínum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn skal semja reikninga fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kveður til.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar, öðrum en 1. og 2. gr. Breytingar skulu hljóta staðfestingar dómsmálaráðherra. Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóð þennan niður og skal þá eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi ásamt fylgiskjali staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. desember 2003.

F. h. r.

Jóhanna Gunnarsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Fylgiskjal.**Yfirlit um eignir í dánarbúi Halldórs Jóns Hansen, kt. 210627-2529.**

Halldór Jón Hansen lést þann 21. júlí 2003. Samkvæmt erfðaskrá eftir hann, dags. 27. ágúst 2001, skyldi Listaháskóli Íslands erfa eftir hans dag tónlistarsafn hans, fasteign hans og lausafé sem hann hafði ekki ráðstafað sérstaklega. Þann 11. desember 2002 var haldinn stofnfundur í Styrktarsjóði Halldórs Hansen. Samkvæmt 3. gr. skipulagskrárinnar kemur stofnféð úr dánarbúi Halldórs Hansen. Fjárhæð stofnfjár miðast við andvirði fasteignar Halldórs Hansen og annarra tilgreindra eigna sem samkvæmt erfðaskrá hans skulu renna til sjóðsins.

Eftirtaldar eignir renna í Styrktarsjóð Halldórs Hansen:

Fasteignin að Laufásvegi 24, fasteignamat,	kr. 35.923.000
Peningar	kr. 26.073.824
Hlutabréf	kr. 1.285.223
Skuldabréf	kr. 8.965.406
að frádregnum útfararkostnaði	kr. -2.414.503
Samtals	kr. 69.832 950

Samkvæmt áðurnefndri 3. gr. skal sjóðstjórn heimilt að nýta strax þriðjung af andvirði þeirra eigna sem rennur í sjóðinn, til uppbyggingar tónlistarsafns. Tveir þriðju hlutar skulu hins vegar mynda höfuðstól eða stofnfé sjóðsins og skal sú fjárhæð haldast óskert í sjóðnum.

F.h. erfingja Halldórs Hansen,
f.h. Gunnars Jóhanns Birgissonar hrl.
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir hdl.

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.

Nýjar samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, voru settar á aukafundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000, með viðauka 6. október 2001 og breytingum á aðalfundi 4. október 2003, samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta og staðfestar af viðskiptaráðherra 19. desember 2003. Samþykktirnar öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.

Samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.

1. gr.

Tryggingasjóður sparisjóða (hér eftir nefndur Tryggingasjóður) er sjálfseignarstofnun. Tryggingasjóður starfar á grundvelli laga nr. 98/1999.

Allir sparisjóðir skulu vera aðilar að Tryggingasjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur það meginhlutverk að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sparisjóða og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu og slit sparisjóða sbr. nánar ákvæði laga nr. 98/1999

3. gr.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða sbr. 2. gr. er stjórn Tryggingasjóðs heimilt:

- a) að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir hans,
- b) að ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð,
- c) að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
- d) að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999 og samþykktir þessar,
- e) að veita sparisjóði víkjandi lán.

Í framangreindu skyni er Tryggingasjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs.

4. gr.

Aðalfundur Tryggingasjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum sparisjóða næstliðið ár fyrir aðalfund.

Atkvæðisréttur sparisjóðs skal vera í höndum þess fulltrúa er sparisjóðurinn tilnefnir til þess að fara með atkvæði sjóðsins á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir lok október ár hvert. Aukafund skal halda ef sparisjóðir, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn Tryggingasjóðs telur þess þörf. Aðal- og aukafundi skal boða með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins.

Hver sparisjóður á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar Tryggingasjóðs með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

5. gr.

Formaður stjórnar Tryggingasjóðs setur aðalfund og stýrir kjöri fundarstjóra. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

- a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
- b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
- c) kosningu stjórnar sbr. 6. gr. og löggilts endurskoðanda,
- d) þóknun stjórnarmanna að fengnum tillögum stjórnar,
- e) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt samþykktum þessum eða stjórn sjóðsins ákveður að leggja fyrir fundinn.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum.

6. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skipa fimm menn. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Fimmti stjórnarmaðurinn er tilnefndur af ráðherra og er hann tilnefndur til þriggja ára í senn í samræmi við lög nr. 98/1999.

Stjórn Tryggingasjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn Tryggingasjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnarmaður, sem er vanhæfur til meðferðar máls, sbr. 55. gr. laga nr. 161/2002, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess. Formaður stjórnar skal boða fulltrúa fjármálaeftirlitsins til stjórnarfundar þegar ástæða þykir til. Fulltrúi fjármálaeftirlitsins situr fundi með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

1. gera tillögu um árgjald sparisjóða til Tryggingasjóðs og sjá um innheimtu á því,
2. taka ákvarðanir um meginstefnu í ávöxtun á fé sjóðsins,
3. taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
4. semja ársreikning,
5. ákveða hámark á hlutfall arðgreiðslu sparisjóða,
6. taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingasjóðs að öðru leyti en talið er upp í tölul. 1-5 hér að framan.

8. gr.

Framlög sparisjóða til Tryggingasjóðs skulu ákveðin á aðalfundi hans ár hvert og skal hlutfallsleg skipting árgjalds einstakra sparisjóða taka mið af sömu reiknireglu og gildir um árgjöld til Sambands ísl. sparisjóða hverju sinni. Framlög sparisjóðanna skulu að hámarki nema 50 millj. kr. á ári og taki sú fjárhæð mið af hækkun vísitölu neysluverðs frá dagsetningu samþykktu þessara. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

9. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs ákveður í hverju einstöku tilviki þau skilyrði sem sett eru fyrir lánum, yfirtöku eigna, ábyrgðum, bótum v/sérstakra tapa eða kostnaðar sem sparisjóður verður fyrir, innlánnum eða annars konar stuðningi við sparisjóð, sbr. 3. gr.

Sparisjóður er nýtur stuðnings frá Tryggingasjóði er skuldbundinn til að hlíta skilyrðum varðandi stjórnun og rekstur sparisjóðsins er stjórn Tryggingasjóðs kann að setja fyrir aðstoð samkvæmt 1. mgr. Þá skal sparisjóðurinn gefa stjórn Tryggingasjóðs reglubundnar skýrslur um stöðu sparisjóðsins og starfsemi allt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Tryggingasjóðs.

10. gr.

Nýr sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 1/7 af hlutfalli hans í samanlögðum eignum Tryggingasjóðs miðað við innborgunarreglu 8. gr. Auk þess leggur hlutaðeigandi sparisjóður fram ábyrgðar-yfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og hlutfalli.

Nú uppfyllir sparisjóður eða útibú ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingasjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999 og/eða samþykktum þessum og skal þá stjórn Tryggingasjóðs tilkynna það ráðherra án tafar.

11. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingasjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. A.m.k. 1/4 hluti af fé sjóðsins skal bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

12. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Um ársreikning og endurskoðun fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

13. gr.

Heimilt er að veita stjórn Tryggingasjóðs þær upplýsingar sem getið er um í 86. gr. laga nr. 161/2002.

14. gr.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða hefur á hendi daglegan rekstur Tryggingasjóðs.

15. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs og starfmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við 58. gr. laga nr. 161/2002.

16. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf jáyrði þeirra er fara með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Til breytinga á 2. ml. 8. gr. samþykktanna þarf þó jáyrði allra greiddra atkvæða. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins.

17. gr.

Samþykktir þessar, eru settar af aukafundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000 samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999 með viðauka 6. október 2001.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir málningarverksmiðju Málningar hf. Dalvegi 18, Kópavogi, kt. 450269-4849. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Gautavíkur hf., 765 Djúpavogi, kt. 620199-3549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir málningarverksmiðju Hörpu-Sjafnar hf., Stórhöfða 44, Reykjavík, kt. 560801-2979. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun, 30. desember 2003.

Davíð Egilsson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnisýslusviðs.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
1040	29. des.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárpings eystra	2931-2945
1041	27. nóv.	Reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í upplýsinga- tækni á heilbrigðisviði	2945-2950
1042	19. des.	Reglur um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálf- unarskor í læknadeild Háskóla Íslands	2950-2952
1043	4. des.	Reglur um rannsóknarnám í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands	2953-2956
1044	23. des.	Auglýsing um yfirlit vaxta fyrir árið 2003	2956-2957
1045	23. des.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norður- landssvæðis vestra	2958-2964
1046	19. des.	Reglur um kennaraskipti milli ríkisháskólanna	2964-2966
1047	27. nóv.	Reglur um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands	2967-2970
1048	31. des.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2003 um gildistöku reglna um tilkynningu og skrán- ingu kóða neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz. .	2970
1049	29. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ	2970-2971
1050	30. des.	Gjaldskrá vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akur- eyri	2971-2972
1051	31. des.	Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi	2972
1052	30. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi ..	2972
1053	31. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ ...	2973-2974
1054	19. des.	Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Halldórs Hansen	2974-2976
1055	19. des.	Auglýsing um samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða	2977-2980
1056	30. des.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.....	2980

